



Ytra mat grunnskóla Grunnskólinn í Hveragerði

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið og Hveragerðisbæ.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Hanna Hjartardóttir
© Námsmatsstofnun, 2013.

ISBN 978-9935-433-16-9

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Samantekt niðurstaðna..... | 4 |
| Stjórnun..... | 4 |
| Nám og kennsla..... | 4 |
| Innra mat..... | 5 |
| Lestur | 5 |
| Inngangur | 6 |
| Markmið og tilgangur..... | 6 |
| Aðferðir og framkvæmd..... | 6 |
| Grunnskólinn í Hveragerði | 8 |
| Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi | 8 |
| Stefna skólans | 9 |
| Starfsmenn | 9 |
| Nemendur | 10 |
| Árangur náms..... | 10 |
| Samræmd próf | 10 |
| PISA | 11 |
| Starfstími | 12 |
| Sérfræðipjónusta | 12 |
| Niðurstöður..... | 13 |
| Svið I - Stjórnun | 13 |
| Fagleg forysta | 13 |
| Stefnumótun og skipulag | 16 |
| Samskipti heimila og skóla | 17 |
| Svið II - Nám og kennsla | 19 |
| Nám og námsaðstæður | 19 |
| Þátttaka og ábyrgð nemenda..... | 23 |
| Námsaðlögun | 24 |
| Svið III – Innra mat | 26 |
| Framkvæmd innra mats | 26 |
| Umbótastarf í kjölfar innra mats..... | 28 |
| Svið IV – Lestur | 29 |
| Stefnumörkun | 30 |
| Samvinna heimila og skóla | 30 |
| Nám við hæfi hvers og eins..... | 31 |
| Lesfimi og lesskilningur | 31 |
| Markmiðssetning og námsmat..... | 32 |
| Árangur á samræmdum prófum og lesskilningsprófum | 32 |
| Styrkleikar og tækifæri til umbóta | 35 |
| Heimildir..... | 38 |
| Viðhengi/Fylgiskjöl | 38 |

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskólanum í Hveragerði sem fór fram á vorönn 2013. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og fjórði þáttur var lestur að ósk skóla og sveitarfélags.

Stjórnun

Það er greinilegt að stjórnendur stuðla að samhljómi meðal allra um góðan og jákvæðan skólabrag. Gagnkvæm virðing og væntumþykja endurspeglast í starfi starfsfólks, störfum og framkomu nemenda og viðhorfum foreldra. Samstarf er gott við foreldra og nærumhverfi. Starfsmenn eru hvattir til að efla sig í starfi í samræmi við stefnu skólans. Skólanámskrá og starfsáætlun eru vel fram sett og öllum hagsmunaaðilum skólastarfsins aðgengilegar. Boðleiðir eru stuttar og vel er tekið á vandamálum svo sem einelti.

Lagt er til að kennarar hafi möguleika á að fá endurgjöf á störf sín í kennslu með reglubundnum heimsóknum stjórnenda eða annarra kennara. Einnig að foreldrar og nemendur taki meiri þátt í gerð skólanámskrár þar sem við á. Gera þarf jafnréttisáætlun og skrá verklag við upplýsingagjöf vegna nemenda. Fram kom að efla má og samræma upplýsingaflæði í gegnum Mentor. Skipa þarf nemendur í skólaráð til tveggja ára og æskilegt er að skólaráð setji sér formlega vinnuáætlun. Setja þarf upp skipulega tímasetta umbótaáætlun.

Nám og kennsla

Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt og starf í skólanum og virkir í kennslustundum. Jákvæðni og góð samskipti einkenndu kennslustundir og gagnkvæm virðing kom fram hjá nemendum og kennurum. Kennarar hafa almennt góða fagþekkingu á þeim námsgögnum sem þeir kenna. Kennslustundir voru vel skipulagðar og tíminn vel nýttur. Vel er fylgst með námi og árangri nemenda og hugað að þörfum nemenda með sérþarfir. Nemendur hafa möguleika á að koma skoðunum sínum á framfæri og telja að við skólann ríki lýðræðisleg vinnubrögð. Morgunstund fyrstu 20 mínútur á hverjum degi með umsjónarkennara skapar góðan anda og eflir samskiptin. Bekkjafundir eru vikulega og regluleg nemendasamtöl fara fram þar sem rætt er um nám og líðan. Skólastofur og skólahúsnæðið allt er bjart og vinalegt. Almennt styðja námsgögn og námsumhverfi vel við nám nemenda og fjölbreytta kennsluhætti.

Efla þarf notkun upplýsingatækni í skólastarfi almennt. Lagt er til að kennarar hugi að fjölbreyttum kennsluháttum og að skapa námsaðstæður sem stuðla að samvinnu nemenda, auki val og taki mið af áhuga þeirra. Tengja nám og kennslu betur við markmið og efla sjálfsmat nemenda. Við endurskoðun skólanámskrár er lagt til að markmið og viðmið um námsmat verði gerð sýnileg og nemendum og foreldrum kynnt vel. Einnig þarf að huga að því að bráðgerir nemendur sem og allir nemendur hafi krefjandi verkefni við hæfi. Kynna þarf nemendum og foreldrum niðurstöður mats og kannana á markvissan hátt. Skoða ástæður lítillar þátttöku nemenda í 10. bekk á samræmdum prófum síðasta ár og leita leiða til auka þátttöku nemenda.

Innra mat

Innra mat er reglulegt, fjölbreytt og allir helstu þættir skólastarfsins eru metnir. Leitað er sjónarmiða allra hagsmunaaðila og allir hagsmunaaðilar hafa áhrif á skipulag matsins. Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar og upplýsingar um innra mat eru á heimasíðu. Áætlun er til um innra mat til ársins 2015.

Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara. Umbótaáætlun þarf að vera tímasett, með skilgreindum viðmiðum og hana þarf að birta á heimasíðu.

Lestur

Lestrarstefna er skráð sem nær til allra árganga skólans. Þar er getið um námsmat og þar koma fram viðmið um árangur. Reglulega er fylgst með árangri, svo sem hraða í lestri og lesskilningi. Gott samstarf er milli heimila og skóla um lestrarþjálfun. Nemendur fá þjálfun í framsögn og leiðum til að skilja texta. Nemendur hafa aðgang að bókasafni. Árangur nemenda við skólann er í flestum bekkjum álíka og jafnaldra þeirra á landinu. Þeir nemendur sem tóku samræmd próf í ár stóðu sig mjög vel þegar lestur var skoðaður sérstaklega.

Huga þarf að fjölbreyttum kennsluháttum og efla samvinnu nemenda. Einnig þarf að nýta upplýsingatækni meira í námi, nemendur þurfa að verða læsir á fjölbreytta miðla. Gagnlegt er að skrá hvaða gögn og aðferðir nýtast nemendum með lestrarerfiðleika þannig að það sé kennurum, nemendum og foreldrum sýnilegt.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Grunnskólanum í Hveragerði. Matið var framkvæmt af Þóru Björk Jónsdóttur og Hönnu Hjartardóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 8. - 11. apríl, 2013. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Grunnskólanum í Hveragerði voru metnir fjórir þættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og lestur. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (*Lög um grunnskóla, 2008*).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var: lestur. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarf ýmist í prentuðu máli

eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin sex ár. Þá voru skoðaðar úttektir ráðuneytis á sjálfsmati skólans árin 2002 og 2008 en engin heildarúttekt hefur verið gerð af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Fundur var haldinn 3. apríl 2013 með skólastjóra og bærstjóra sem auk þess bauð til fundarins bæjarráði og skólanefnd. Þar voru forsendur matsins kynntar sem og framkvæmdin. Sama dag var kynningarfundur í skólanum fyrir allt starfsfólk og þá gafst einnig tækifæri til að fara með skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 70% kennara og gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skóla, stjórnendum, nemendum í tveimur hópum þ.e. annars vegar nemendum í 1. – 6. bekk og hins vegar 7. – 10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Í hverjum hópi voru sex til átta þátttakendur. Fulltrúar í rýnihópa voru valdir með slembiúrtaki nema stjórnendur. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann og deildarstjóra sérkennslu. Vegna fjórða matsþáttarins, lestrar, var sérstökum spurningum vegna hans einnig beint til allra rýnihópanna auk þess sem öll gögn vegna lestrar sem Námsmatsstofnun hefur vegna samræmdra prófa voru skoðuð sérstaklega. Þá var lagt lestrar- og lesskilningspróf fyrir nemendur í 1. – 2. bekk og 4. – 10. bekk.

Skólaheimsóknin stóð yfir í 4 daga (auk kynningarfundar og skoðunar), þ.e. 8. - 11. apríl 2013. Heimsóttar voru 29 kennslustundir hjá 30 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum svo sem stærðfræði, íslensku (lestur, skrift, bókmenntir, málfræði), samfélagsfræði, náttúrufræði, smíði, textíl og myndmennt auk sérkennslu. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki til hvaða kennara eða í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru dregnir sérstaklega fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu um 83% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en dagana milli skólaheimsókna og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, þ.e. viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa vísbendingar um stöðu skólanna.

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Grunnskólinn í Hveragerði

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Í upphafi stóð Ölfushreppur einn að skólahaldi, en eftir að Hveragerði varð sjálfstætt sveitarfélag hafa þessi tvö sveitarfélög staðið sameiginlega að rekstrinum. Í dag kemur Sveitarfélagið Ölfus að rekstri tveggja grunnskóla, í Hveragerði og í Þorlákshöfn. Nemendur úr dreifbýli Ölfuss sækja skóla í Hveragerði, núna eru það 30 nemendur.

Áður en Hveragerði varð sjálfstætt sveitarfélag 1946 var skóli starfræktur að Kröggólfsstöðum í Ölfusi. Hann tók til starfa haustið 1881 og var þeim börnum sem ekki gátu gengið daglega til skólans komið fyrir á næstu bæjum. Skólinn að Kröggólfsstöðum var starfræktur í ellefu ár. Þrátt fyrir að skólinn legðist niður vorið 1892 var barnakennsla haldið áfram á árunum 1892-1897. Fengnir voru farkennarar til að annast þá kennslu. Með setningu fræðslulaganna árið 1907 hófst skólustarf á vegum ríkisins. Þá var skólahús reist á Kotströnd og annað á Hjalla. Skólinn á Kotströnd fluttist fljótlega að Sandhóli og þegar Þinghús (elsti hluti gamla Hótel Hveragerðis) var byggt í Hveragerði árið 1930, fluttist skólahald þangað. Árið 1937 var stofnaður heimavistarskóli í Hveragerði þegar keypt var hús er áður hafði verið barnaheimili Oddfellow-reglunnar. Árið 1943 var keyptur skólabíll og síðan þá hefur ekki verið heimavist við skólann.

Haustið 1947 var elsti hluti núverandi aðalbyggingar („gamla gráa skólahús“) tekinn í notkun. Þegar Gagnfræðaskólinn var stofnaður haustið 1965 var efri hæð sundlaugarinnar í Laugaskarði tekin á leigu fyrir þrjú bekkir Gagnfræðaskólans. Fyrsti bekkur var í barnaskólahúsinu. Haustið 1972 var skólanum skipt í tvær aðskildar stofnanir, Barnaskólann og Gagnfræðaskólann í Hveragerði og urðu skólastjórar þá tveir. Í janúar 1973 fluttust allir bekkir Gagnfræðaskólans í leiguhúsnæði að Breiðumörk 2.

Árið 1988 var viðbygging við gamla barnaskólann tekin í notkun. Skólinn var sameinaður á ný í eina stofnun. Skólastjóri varð einn og honum til aðstoðar yfirkennari, síðar aðstoðarskólastjóri. Með grunnskólalögunum frá 1995 urðu sex ára börn skólaskyld. Skólinn var tvísetinn að hluta til ársins 2001 þegar sex nýjar kennslustofur voru teknar í notkun. Haustið 2007 var tekið í notkun endurgert húsnæði („gamla kaupfélagshús“) við Breiðumörk fyrir myndmennt, smíði og textílmenn.

Frá árinu 2000 hefur sérdeild verið starfrækt við skólann. Þar eru nemendur með mikla fötlun, t.d. vegna þroskahömlunar og geðraskana. Nemendur deildarinnar eru ekki allir á einum stað, þeim er dreift eftir aldri á starfsstöðvar sem eru á þremur stöðum í húsinu. Mötuneyti hefur verið starfrækt við skólann frá upphafi, fyrst fyrir starfsmenn og nemendur úr Ölfusi. Frá árinu 1989 hefur öllum nemendum staðið til boða að nýta mötuneyti. Skólasel (heilsdagsskóli) hefur verið starfrækt samfleytt frá árinu 2000. Það er til húsa á tveimur stöðum á skólalóð, annars vegar að Fljótsmörk 2 sem ber heitið Vinabær og hins vegar í tengibyggingu við skólann sem ber heitið Viskubær. Í Skólaselinu geta börnin leikið sér í frjálsum leik og sótt ýmis konar íþróttir, skátastarf og fleira. Skólaselið er í samstarfi við Tónlistarskólann þannig að börnin geta sinnt tónlistarnámi sínu samhliða veru sinni þar. Skjálftaskjól er félagsmiðstöð Grunnskólans í Hveragerði. Hún er til húsa í skólahúsnæði skólans við Skólamörk. Við Grunnskólann í Hveragerði var starfandi nýbúadeild, þegar fjöldi þeirra var sem mestur en nú er ekki um eiginlega deild að ræða. Nemendur sem ekki hafa

Íslensku að móðurmáli fá samt kennslu sem miðar að því að gera þá færa um að tjá sig á íslensku, auk þess að kynna þeim íslenskt samfélag.

Grunnskólinn í Hveragerði er mjög vel staðsettur með náttúruperlur allt um kring. Varmá er í túnfætinum en þar er að finna heitar uppsprettur og sundlaugin í Laugaskarði er steinsnar frá.

Ýmis nýsköpunar- og þróunarverkefni hafa verið í gangi og eru í gangi. Má þar nefna að skólaárið 2011-2012 var unnið umbóta- og þróunarverkefni fyrir foreldrastarf í Hveragerði sem náði til tveggja leikskóla og grunnskólans. Markmið verkefnisins var að efla samskipti heimila og skóla og marka skýra stefnu í foreldrastarfi í leikskólum og grunnskóla bæjarfélagsins. Í kjölfar þess var unnin þróunar- og umbótaáætlun sem lýtur að þessu samstarfi og unnið er eftir henni skólaárið 2012 – 2013.

Skólinn tekur þátt í verkefninu *Skólar á grænni grein* og flaggaði *Grænfánanum* þann 1. desember 2011. Áfram verður unnið á þeim vettvangi. Þá er í gangi samstarfsverkefni Grunnskólans og Landbúnaðarháskólans á Reykjum fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Það gengur undir nafninu *Græna vináttan* en markmiðið með samstarfinu er að opna heim garðyrkjunnar fyrir nemendum og gefa þeim kost á því að fara í gróðurhús og kynnst því hvernig fræ verður að plöntu.

Útistofan Lundur í Hamrinum er nýtt til margvíslegra verkefna og aðstaðan orðin mjög góð.

Grunnskólinn í Hveragerði fékk styrk til að taka þátt í evrópsku samstarfsverkefni, Comeniusarverkefni, ásamt 5 skólum í Evrópu. Samstarfsskólarnir eru frá Englandi, Frakklandi, Noregi og tveir skólar frá Írlandi. Verkefnið er til tveggja ára og lýkur vorið 2013. Megináhersla er lögð á umhverfis- og loftlagsmál og samanstendur af fjórum lykilþáttum: jörð, vatn, loft, eldur. Þetta verkefni snýst í örstuttu máli um það að auka umhverfisvitund nemenda, sem hentar vel með starfinu í tengslum við *Grænfánann* og *Græna vináttu*.

Í Grunnskólanum í Hveragerði er unnið með ART (skammstöfun á þjálfuninni Aggression Replacement Training) sem er þjálfun í reiðistjórnun. Um er að ræða ART annars vegar í meðferðarhópum, en stærð þeirra eru 3-8 nemendur og hins vegar svokallað bekkjar – ART. Meðferðar -Art er úrræði fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra á vegum Skólaskrifstofu Suðurlands. Markmiðið er að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Bekkjar – Art er aðferð sem umsjónarkennarar nota til að þjálfa nemendur í félagsfærni og reiðistjórnun.

Unnið er að þróun svokallaðs Vinaverkefnis. Tilgangur verkefnisins er að vekja samkennd með nemendum, að þeir myndi vináttutengsl á milli árganga þar sem þau eldri verði stuðningsaðilar þeirra yngri. Á þann hátt er stefnt að því að bæta skólabraginn og vinna gegn einelti. Nemendum er raðað í vinabekki þar sem settir eru saman yngri og eldri. Í 1.-6. bekk eru vinahópar þar sem umsjónarkennari raðar nemendum í 4-5 manna hóp. Nemendur bjóða svo hópnum heim til sín til skiptis. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við foreldra

Stefna skólans

Einkunnarorð skólans eru **viska, virðing, vinátta** og eru gildi orðanna sýnileg í starfi og stefnu skólans.

Starfsmenn

Starfsmenn eru samtals 71. Í skólanum eru stjórnendur fimm; skólastjóri og fjórir deildarstjórar, þar af einn staðgengill skólastjóra. Við skólann starfar 41 kennari (í rúmlega 38 stöðugildum), þroskaþjálfar í einu og hálfu stöðugildi, bókavörður, fimm starfsmenn við skólasel, átta

stuðningsfulltrúar (í tæplega sex stöðugildum), fimm skólaliðar (í tæpum þremur stöðugildum), tveir matráðar, ritari og húsvörður. Sálfraeðingur frá Skólaskrifstofu Suðurlands kemur einn dag í viku og hjúkrunarfræðingur er í 20% starfshlutfalli. Hlutfall kynja er þannig í starfsmannahópnum að karlmenn eru um 25%.

Nemendur

Á vorönn 2013 eru nemendur skólans 325. Hlutfall nemenda sem fær skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, er 32. Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku eru 15. Ekki er lengur skilgreind nýbúadeild við skólann en þessum nemendum er sinnt í hlutastarfi. Fjöldi stuðningsfulltrúa við skólann svo og sérkennara helgast meðal annars af því að þar eru 40 nemendur með skilgreinda þroskahömlun eða á einhverfurófi auk þess sem 24 nemendur eru greindir með ADHD.

Fjöldi nemenda eftir árgöngum:

| Bekkur | Fjöldi nemenda |
|--------|----------------|
| 1. | 28 |
| 2. | 30 |
| 3. | 37 |
| 4. | 27 |
| 5. | 29 |
| 6. | 30 |
| 7. | 41 |
| 8. | 31 |
| 9. | 31 |
| 10. | 41 |

Árangur náms

Samræmd próf

Nemendur 4. bekkjar standa sig almennt kringum landsmeðaltal á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Niðurstaðan 2012 var mjög góð þar sem nemendur sýna árangur sem er yfir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Í íslensku eru hlutfallslega fáir nemendur (4%) með lága (0-22) normaldreifða einkunn, en það hlutfall er 23.8 á landsvísu. Sama á við um stærðfræðina, þar sem 8% nemenda eru með lága einkunn en á landsvísu eru það 23%. Að sama skapi eru hlutfallslega fleiri í hópi meðal og hárra einkunna í báðum greinum.

Nemendur 7. bekkjar standa sig almennt kringum landsmeðaltal á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Niðurstaðan 2012 var góð þar sem nemendur sýna árangur sem er yfir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Í íslensku er dreifing nemenda milli flokka lágra, meðal og hárra normaldreifðra einkunna lík og landsmeðaltals en í stærðfræði eru hlutfallslega færri nemendur (8%) með lága einkunn en gerist á landsvísu (21.8%).

Nemendur 10. bekkjar standa sig aðeins undir landsmeðaltal á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Árangur þeirra í ensku er í landsmeðaltali. Dreifing einkunna eftir flokkum há, meðal og lág normaldreifð einkunn undanfarin sex ár sýnir að í

öllum greinunum þremur, íslensku, stærðfræði og ensku er hlutfall nemenda sem fá háa einkunn undir viðmiðum. Í íslensku og stærðfræði er hlutfall nemenda með lága einkunn meira en gerist og gengur og mest kemur það fram í stærðfræðinni. Niðurstaðan 2012 var góð þar sem nemendur sýna árangur sem er yfir landsmeðaltali bæði í íslensku og ensku og um landsmeðaltal í stærðfræði.

Árangur nemenda 10. bekkjar 2012: Fáir nemendur (5%) sýna slakan árangur í íslensku, en meginþorri þeirra (83%) er í meðalgetu. Færri en gerist á landsvísu (13%) eru í hópi þeirra sem fá háa einkunn í íslensku. Í stærðfræði er skiptingin nokkuð líkt og gengur og gerist á landsvísu, ívið færri þó í flokki nemenda með háa einkunn. Í enskunnni eru hlutfallslega færri í hópi þeirra sem fá lága einkunn.

Framfarir

Niðurstöður 2012 sýna að 30% nemenda eru að taka meiri eða talsvert meiri framförum í stærðfræði milli 4. og 7. bekkjar en almennt gerist á landsvísu. Þeir sem sýni minni framfarir í stærðfræði en gengur og gerist eru 6%. Í íslenskunnni eru 31% sem taka meiri eða talsvert meiri framförum og 8% sem sýna minni framfarir en almennt gengur.

Grunnskólinn í Hveragerði sýnir sambærilegar framfarir nemenda og almennt gerist á landsvísu þegar litið er til síðustu sex ára. Þetta merkir að staða nemenda við skólann hefur haldist miðað við jafnaldra. Uppsafnaður framfarastuðull skólans fyrir íslensku og stærðfræði hjá nemendum 7. og 10. bekkjar sýnir yfirleitt sambærilegar framfarir og á landsvísu. Þó hafa framfarir í stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar verið heldur minni en á landsvísu þar til 2012 og framfarir milli 4. og 7. bekkjar í íslensku heldur meiri en á landsvísu.

Þátttaka 2012

Í 4. bekk tóku 80,8% nemenda íslensku og 84,6% stærðfræði. Á landsvísu voru það 90,8% í íslensku og 92,2% í stærðfræði svo þátttaka er undir því sem gerist á landinu. Af þeim sem tóku prófið voru 53,8 með stuðning í báðum fögum (það hlutfall er fyrir landið 20,7%).

Í 7. bekk tóku 92% nemenda samræmt próf í íslensku og 94% í stærðfræði. Þátttaka er álíka og almennt gerist á landinu, jafnvel aðeins meiri í stærðfræði.

Í 10. bekk þreyttu aðeins 68% nemenda íslensku og stærðfræðipróf en 85% nemenda þreyttu próf í ensku í 10. bekk 2012. Þetta er áberandi minni þátttaka en gerist á landinu þar sem 90,2% nemenda þreytir próf í íslensku, 89,6% stærðfræði og 91% ensku.

Þessi litla þátttaka 2012 leiddi til þess að athugað var hvernig þátttaka hefur verið undanfarin ár hjá 10. bekk. Þá er þátttaka eðlileg miðað við landið. Árið 2010 tóku 97% prófið í íslensku, stærðfræði tóku 94% og ensku 94% nemenda. Árið 2011 þreyttu 96% nemenda íslenskupróf, stærðfræði tóku 89% og enskupróf 96% nemenda.

Af skólans hálfu var gefin sú skýring á undanþágum, að foreldrar margra nemenda í 10. bekk hefðu verið andvíg þátttöku barns síns í prófinu. Í gögnum Námsmatstofnunar kemur ekki fram að ástæður undanþágu hafi verið skráðar.

PISA

PISA er alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. PISA prófun fer fram á þriggja ára fresti. Nemendur við Grunnskólann í Hveragerði eru öll árin sem niðurstöður eru til um, verulega fyrir neðan landsmeðaltal á öllum þremur mælingum

samkvæmt PISA. Niðurstöður síðustu rannsóknar PISA sem gerð var 2012 verða ekki birtar fyrr en í desember 2013.

Starfstími

Árlegur skólatími er 180 skóladagar nemenda en auk þess fimm skipulagsdagar starfsfólks á skólaárinu og átta skipulagsdagar utan þess. Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá og gildir það einnig um nemendur í sérdeild. Umfang forfallakennslu á fyrri önn skólaársins 2012 – 2013 var 1367,5 kennslustundir og felldar voru niður 204,25 kennslustundir í unglिंगadeild á sama tímabili.

Sérfræðipjónusta

Skólinn sækir sér sérfræðipjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á Skólaskrifstofu Suðurlands og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. .

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Einkunnarorð Grunnskólans í Hveragerði eru viska, virðing, vinátta.

Í skólastefnu Hveragerðisbæjar stendur:

Í ljósi þessara einkennisorða er daglegt skólastarf mótað. Einkennisorðin bera með sér að áhersla er lögð á að hver nemandi nái þeim þroska sem kostur er og að öll verk séu unnin af faglegum metnaði og vandvirkni. Lögð er áhersla á að auka viðsýni nemenda og þar með umburðarlyndi fyrir þeim fjölbreytileika sem einkennir nemendahópinn hverju sinni, sem hefur margvíslegan bakgrunn og trúarbrögð. Nýbúafærðsla er markviss liður í starfsemi grunnskólans. Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum einkennir umgengni nemenda og starfsmanna og dagleg samskipti innan skólans og út á við.

Í anda þessarar stefnu er skólastarf í Grunnskólanum í Hveragerði og þar á meðal stjórnun skólans. Einnig byggir stjórn skólans á því sem fram kemur í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá þar sem segir: *Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins (7. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008) og í aðalnámskrá: Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).*

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Stjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans og allir hagsmunaaðilar þekkja þá stefnu. Einkunnarorð skólans eru sýnileg í skólanum og öllu starfi hans. Þau birtast meðal annars í því góða sambandi sem ríkir milli nemenda og starfsmanna og tengist bæði vináttu og virðingu. Metnaður skólastjóra, annarra stjórnenda og kennara til að auka sífellt gæði náms og kennslu tengist svo þriðja orðinu „visku“.

Þegar skólastjóri kynnir skólann leggur hann áherslu á sérstöðu hans, sem meðal annars eru umhverfisvernd og góð samskipti við nærsamfélagið. Skólinn er einn af *Skólum á grænni grein* og hefur fengið *Grænfánann* til merkis um að markmið í umhverfismálum hafi náðst. Þá hefur skólinn unnið að Comeniusarverkefni ásamt 5 öðrum skólum í Evrópu þar sem lögð er áhersla á umhverfis- og loftslagsmál. Góð samskipti eru við Landbúnaðarháskólann á Reykjum og ákveðið samstarfsverkefni í gangi, *Græna vináttan* sem unnið er með nemendum í 1. – 4. bekk.

Hvað varðar önnur tengsl við nærsamfélagið en umhverfismál þá er samstarf við Tónlistarskólann í Hveragerði sem er deild innan tólistarskóla Árnessýslu, Fjölbautaskóla Suðurlands, leikskólana í Hveragerði, Heilsustofnun, félag eldri borgara o.fl.

Þó stjórnendur fylgist vel með námi og kennslu í skólanum þá er ekki um reglulegar heimsóknir að ræða í kennslustofur þar sem fer fram endurgjöf í kjölfarið.

Styrkleikar

- Stjórnandi stuðlar að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti.
- Gildi einkunnarorða eru sýnileg í öllu starfi skólans.
- Gagnkvæm virðing og væntumþykja endurspeglast í samstafi starfsfólks skólans, nemenda og foreldra.
- Upplýsingum um árangur og gæði er komið á framfæri.
- Gott og virkt samstarf er við marga aðila í nærsamfélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Huga ber að meiri endurgjöf til kennara t.d. með reglubundnum heimsóknum í kennslustundir.

Stjórnun stofnunar

Stjórnendur í skólanum skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Jafnframt sinna kennarar kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu eins og frekast er unnt miðað við þessa skólastærð. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Jafnframt liggja fyrir starfslýsingar allra starfsmanna.

Stjórnendur veita starfsfólki endurgjöf fyrir vel unnin störf, bæði í starfsmannasamtölum, á fundum og einnig í óformlegu spjalli vegna einstakra verkefna/starfa. Starfsþróunarsamtöl eru regluleg.

Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum eru til staðar í Olweusaráætlun en sú áætlun nær yfir forvarnir á þessum sviðum hjá nemendum, starfsmönnum svo og foreldrum að nokkru marki.

Skipurit stjórnunar liggur fyrir en þarf að uppfæra þar sem breytingar hafa verið gerðar á þessu skólaári varðandi skiptingu milli stiga. Í samtölum við foreldra kom fram að gott aðgengi er að stjórnendum og fljótt og vel brugðist við ef á þarf að halda.

Reglur hafa verið settar um upplýsingagjöf um nemendur en verlag ekki skráð opinberlega.

Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur ekki fyrir og ekki heldur jafnréttisáætlun sem miðar að því að jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum.

Styrkleikar

- Verkaskipting á milli stjórnenda er skýr og þekkt af starfsmannahópi.
- Forgangsröðun í nýtingu fjármagns tekur mið af stefnu skólans og sveitarfélagsins.
- Starfslýsingar eru fyrir hendi og mannauður nýttur skv. menntun og sérhæfingu eins og kostur er.
- Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks og veita markvissa endurgjöf.
- Samskipti foreldra og stjórnenda eru góð.

Tækifæri til úrbóta

- Uppfæra þarf skipurit um fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Verklag við skráningu upplýsingagjafar um nemendur þarf að skýra.
- Skrá þarf áætlun um móttöku fyrir nýja starfsmenn.
- Vinna þarf að gerð jafnréttisáætlunar.

Faglegt samstarf

Í stefnu skólans kemur skýrt fram að lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í öllum þáttum skólastarfs og einkenna samstarfið í skólanum. Samstarfið einkennist af sérlega jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra. Það kom m.a. fram í öllum samtölum við rýnihópa. Til að skapa þessi jákvæðu tengsl og traust er skólastjóri t.d. yfirleitt á gæslu í öllum frímínútum og skapar þannig góð tengsl við nemendur skólans.

Fundaáætlun liggur fyrir yfir skólaárið sem nær til alls starfsfólks. Formlegir fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir settar á innra net skólans og öllum aðgengilegar.

Samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans, það er bæði formlegt og óformlegt og miðar alltaf að því að styrkja nám nemenda. Samskipti við önnur skólastig eru regluleg og skráð. Nemendur á síðasta ári í leikskóla koma í skipulagðar heimsóknir í skólann auk þess að taka þátt í jólaþema og sameiginlegri gönguferð. Einnig eru þeir í þriggja daga vorskóla en þá er einnig foreldrum boðið í heimsókn í kaffisjall þar sem þeim gefst tækifæri til að kynna öðrum foreldrum. Fjölbautaskóli Suðurlands hefur veitt þjónustu þeim nemendum grunnskólans sem hafa lokið námsefni grunnskóla og vinna að framhaldsskólaáfangi í ensku, stærðfræði og dönsku. Einnig er samstarf við VÍ, VMA og FÁ.

Styrkleikar

- Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum.
- Starfsfólk er öðrum fyrirmynd um lýðræðisleg vinnubrögð.
- Samstarf milli annarra skólastiga er skýrt sett fram og virkt.

Skólaþróun

Stjórnendur hafa frumkvæði af því að hvetja starfsfólk til að efla sig í starfi og auka við þekkingu sem nýtist. Í símenntunaráætlun kemur fram hvernig einstaklingar sækja símenntun. Áætlunin er í samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Stjórnendur hafa forgöngu um innra mat og fela ákveðnum aðilum ábyrgð á framkvæmd þess. Í þróunar- og umbótaáætlun skólans kemur fram hvaða verkefni hafa verið könnuð í innra mati liðinna ára og hvernig hefur verið brugðist við. Ekki er þó um skipulega áætlun að ræða þar sem koma fram tímaáætlanir og ábyrgðaraðilar hvers þáttar auk viðmiða.

Styrkleikar

- Símenntunaráætlun endurspeglar stefnu skólans.
- Stjórnendur hafa frumkvæði að og hvetja starfsfólk til að efla sig í starfi.
- Ákveðið teymi ber ábyrgð á framkvæmd innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Setja þarf upp skipulega umbótaáætlun þar sem fram koma tímasetningar og ábyrgðaraðilar hvers verkefnis og ákvörðun um endurmat.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólanámskrá og starfsáætlun skólans uppfylla að mestu viðmið sem birt eru í aðalnámskrá (12. kafli) og endurspeglu áherslur í skólustefnu sveitarfélagsins. Nokkrir þættir sem eru í skólanámskrá ættu þó betur heima í starfsáætlun og öfugt. Þess ber að geta að nú er unnið að gerð nýrrar skólanámskrár sem tekur mið að öllu leyti af nýrri aðalnámskrá þ.m.t. greinasviðum. Kennarar og stjórnendur tóku heilan vinnudag sl. haust til þessa starfs og hafa síðan unnið reglulega á fagfundum að þessari endurskoðun. Starfsáætlun er uppfærð árlega þar sem m.a. kemur fram skipurit, skóladagatal og aðrar upplýsingar sem breytast ár frá ári.

Starfsfólk tekur þátt í að endurskoða skólanámskrá en uppfærsla starfsáætlunar er fyrst og fremst í höndum stjórnenda. Hvoru tveggja er hins vegar lagt fyrir starfsmannafund þar sem öllum gefst tækifæri til að koma með tillögur og athugasemdir. Starfsáætlun og skólanámskrá er einnig lögð fyrir skólaráð en ekki er bein aðkoma foreldra eða nemenda að þessum málum nema í gegnum það. Allir fulltrúar skólasamfélagsins sem rætt var við þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá.

Styrkleikar

- Starfsáætlun skólans og skólanámskrá eru birtar opinberlega og aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins.
- Allt starfsfólk vinnur að gerð skólanámskrár og hefur aðkomu að starfsáætlun.
- Starfsáætlun og skólanámskrá eru lagðar fyrir skólaráð.

Tækifæri til umbóta

- Bein aðkoma foreldra og nemenda gæti verið meiri við vinnu að skólanámskrá t.d. þar sem fjallað er um skólareglur eða aðra þá þætti sem snúa beint að nemendum og foreldrum.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga vikunnar. Námið er skipulagt í heildstæðar vinnulotur með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur nemenda og þroska.

Stundatöflur nemenda bera vott um sveigjanleika í skólastarfinu þannig að árgangar eiga saman tíma á töflu sbr. færnimiðaða hópa á unglingastigi í íslensku og stærðfræði. Skólinn nýtir svigrúm viðmiðunarstundaskrár t.d. með því að taka listgreinar á skemmri tíma en heilum vetri til að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil.

Boðið er upp á valgreinar fyrir nemendur í 8. – 10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu sína á áhugasviði eða með framtíðaráform í huga. Þar má nefna: íþróttir, textíl, golf, heimilisfræði, hljómsveitarval, útistofa, leiklist, veðurfræði, saga, skrautskrift, margmiðlun, jarðfræði, myndlist, danska og enska. Listnám, íþróttir og aðra tómstundaiðju er einnig hægt að meta til valgreina óski foreldrar eftir því.

Styrkleikar

- Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og eðlileg hlé til hvíldar.
- Sameiginlegir tímar í heilum árgöngum gefa kost á fjölbreyttara námsframboði.
- Nýtt er svigrúm viðmiðunarstundaskrár til að verklega greinar hafi meira vægi ákveðið tímabil.

Tækifæri til umbóta

- Huga má að hvort enn frekar sé hægt að koma á sameiginlegum tímum á töflu t.d. fyrir samvinnu milli árganga og í bóklegum greinum.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Skólareglur eru jákvæðar og sýnilegar í skólastofum. Þær þarf hins vegar að endurskoða m.t.t. nýrrar reglugerðar (1040/2011). Nemendur hafa ekki tekið þátt í að móta skólareglur nema svokallaðar bekkjarreglur sem umsjónarkennarar setja gjarnan fram með sínum hópi.

Forvarnaráætlun sem byggir á Olweusaráætlun liggur fyrir í skólanámskrá og er þar aðgengileg öllum aðilum skólasamfélagsins. Þar eru m.a. verklagsreglur og viðbrögð við einelti. Hvað varðar aðrar forvarnir svo sem varðandi áfengi, tóbak og önnur fíkniefni er um þær rætt í starfsmannahandbók og nemendur gera árlega fjölda verkefni sem lúta að þeim.

Áhersla er lögð á stuðning í námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir og er áætlun þar að lútandi sem fylgt er eftir. Kannanir og skimanir eru lagðar fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa á stuðningi að halda. Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur liggur fyrir en er ekki aðgengileg á heimasíðu, sama gildir um móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku. Sú áætlun gildir einnig fyrir nemendur með sérstakar þarfir en það þarf að skilgreina sérstaklega.

Styrkleikar

- Jákvæður skólabragur einkennir alla starfsemi skólans.
- Skólareglur eru sýnilegar og viðbrögð við einelti liggja fyrir.
- Þjónusta fyrir nemendur með sérþarfir er markviss.
- Móttökuáætlanir eru gerðar fyrir nýja nemendur, tvítýngda nemendur og nemendur með sérstakar þarfir.

Tækifæri til úrbóta

- Endurskoða þarf skólareglur m.t.t. nýrrar reglugerðar.
- Móttökuáætlanir þarf að gera aðgengilegar öllum í skólasamfélaginu.
- Æskilegt væri að hafa heildstæða forvarnaráætlun sem nær til allra þátta forvarna og birt á heimasíðu.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólastjóri vinnur að stefnumörkun með skólaráði sem er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans. Allar helstu ákvarðanir sem varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar. Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi. Nemendur eru ætíð úr 10. bekk og því kosnir til eins árs. Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir skráðar sem foreldrafélagið fær síðan. Þær eru hins vegar ekki aðgengilegar á heimasíðu. Ekki er til vinnuáætlun fyrir skólaráð þar sem kemur fram fundaaætlun yfir árið og helstu atriði sem taka á fyrir hverju sinni.

Skólastjórnendur funda reglulega með stjórn foreldrafélagsins og getur foreldrafélagið ævinlega fengið aðstöðu í skólanum til fundarhalda. Fulltrúar foreldra úr hverjum bekk vinna m.a. að því að efla félagsleg tengsl nemenda, foreldra og kennara. Þeir standa fyrir alls kyns viðburðum í því skyni.

Styrkleikar

- Skólaráð er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans.
- Gott upplýsingaflæði er milli skólaráðs og foreldrafélags (sbr. fundargerðir).
- Foreldrafélagið er virkur samstarfsaðili skólans, styður við skólastarfið og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag.

Tækifæri til úrbóta

- Þar sem fulltrúar í skólaráði eiga að vera kosnir til 2ja ára væri eðlilegt að nemandi úr 9. bekk væri kosinn annað hvert ár (þannig væri alltaf 1 úr 9. bekk og 1 úr 10. bekk og sætu í 2 ár).
- Eðlilegt er að hafa fundargerðir skólaráðs öllum aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Æskilegt væri að skólaráð setti sér vinnuáætlun til árs.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra með aðstoð annarra kennara skólans. Á haustfundum eru kynnt námsmarkmið og leiðir auk þess sem hagnýtum upplýsingum er komið á framfæri. M.a. er haldið sérstakt námskeið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk.

Foreldrar tala um mikla nánd og vináttu og gott aðgengi að starfsfólki skólans. Boðleiðir eru stuttar og fljótt tekið á málum, sérstaklega er vel tekið á eineltismálum. Auk reglulegra foreldraviðtala sem eru þrisvar sinnum á ári, þar sem rætt er um árangur í námi og líðan, hringja kennarar heim til nemenda einu sinni á önn í sínum viðtalstímum.

Helsta upplýsingaveitan er Mentor en þó virðist mismunandi eftir árgöngum hversu virkt það ferli er t.d. varðandi heimanám. Einnig er tölvupóstur/bréf/vikuáætlanir notað til að koma upplýsingum til foreldra. Einstaka kennarar halda úti heimasíðum þar sem fram fara gagnvirk samskipti milli þeirra og nemenda. Foreldrar eru misjafnlega duglegir við að leita eftir upplýsingum t.d. með því að fara reglulega inn á aðgang sinn að Mentor.

Styrkleikar

- Traust og gott samstarf er milli foreldrasamfélagsins og skólans.
- Boðleiðir eru stuttar og vel tekið á vandamálum svo sem tengdum einelti.
- Regluleg foreldraviðtöl auk símhringinga gefa foreldrum góðar upplýsingar um nám og líðan barna sinna.

Tækifæri til umbóta

- Efla þarf upplýsingaflæði í gegnum Mentor af hálfu kennara.
- Skólinn þarf að hvetja forelda til að fylgjast reglulega með áætlunum um námsmarkmið, heimanám o.fl. á Mentor.

Svið II - Nám og kennsla

Í skólafélaginu Hveragerðisbæjar² frá 2008 kemur stefna sveitarfélagsins fram. Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum á að einkenna umgengni nemenda og starfsmanna og dagleg samskipti innan skólans og út á við. Fram kemur að áhersla er lögð á að hver nemandi nái þeim þroska sem kostur er og á að koma til móts við þarfir hvers og eins með einstaklingsmiðuðu námi og námsefni við hæfi. Áhersla er á að námsframboð sé fjölbreytt, þar sem hugað er að list- og verknámi sem og bóknámi. Einnig að með grunnskólastarfi sé lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og sjálfstæða hugsun.

Í skólanámskrá kemur fram að stefnt er að því að nemendur öðlist grunnenntun samkvæmt námskrá hverju sinni. Að rannsóknarþörf og forvitni nemenda sé vakin með fjölbreyttum kennsluaðferðum og krefjandi viðfangsefnum. Að nemendur takist á við verkefni sem fela í sér ögrun og áskorun, temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð og viti hvar og hvernig nálgast má upplýsingar og séu færir um að nýta sér upplýsingatækni samtímans.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Skólanámskrá Grunnskólans í Hveragerði sem birt er á heimasíðu er frá 2011-2012 en er nú í viðamikilli endurskoðun í kjölfar nýrrar aðalnámskrár. Hún er skýrt fram sett og aðgengileg. Á heimasíðu tengdri skólanámskrá en ekki í henni eru bekkjarnámskrár/námsvísar allra bekkja þar sem yfirleitt er getið um markmið í einstökum greinum, námsþætti, nám- eða kennslugögn, leiðir eða kennsluaðferðir, heimanám og námsmat. Námsvísar taka ýmist mið af aðalnámskrá 1999, 2007 eða 2011/2013. Foreldrar þekkja ekki vel til námsvísa og segjast ekki nýta þá. Í nemendakönnun skólans sem 90% nemenda elsta stigs svöruðu kemur fram að einum þriðja nemenda sem svara finnst útgáfa kennsluáætlana nýtast vel, helmingi nemenda er alveg sama og innan við 10 nemendur segja hana nýtast illa

Grunnþættir menntunar koma ekki beint fram í námsvísunum þessa árs, en sjást að einhverju marki í störfum nemenda, eins og með Grænánaverkefni. Vinna er hafin við að tengja grunnþættina einstökum námsgreinum (erlend tungumál, náttúrufræði, stærðfræði) samhliða endurskoðun skólanámskrár.

Stefna sveitarfélagsins um virðingu gagnvart sjálfum sér og öðrum endurspeglast í störfum allra í skólanum.

Með markvissum skimunum er fylgst með árangri hvers nemanda, nemendahópa og skólans í heild. Brugðist er við niðurstöðum meðal annars einstaklingslega, með því að nemendur sem ekki ná ákveðnu viðmiði um árangur fá styrktartíma og einnig hefur verið brugðist við í skólastarfi með því að breyta námi og kennslu á ákveðnu stigi.

Foreldrum, kennurum og stjórnendum finnst mega gera meira af því að fagna fjölbreyttum árangri nemenda og þá einnig tengt öðru en bóklegu námi.

² Sjá <http://www.hveragerdi.is/content/files/public/PDF/Ymislegt/Skolastefna.pdf>

Nemendur 4. og 7. bekkjar Grunnskólans í Hveragerði standa sig almennt kringum landsmeðaltal í íslensku og stærðfræði á samræmdum prófum þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára.

Nemendur 10. bekkjar standa sig aðeins undir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Árangur þeirra í ensku er í landsmeðaltali.

Grunnskólinn í Hveragerði sýnir svipaðar framfarir nemenda og almennt gerist þegar litið er til síðustu sex ára. Þetta merkir að staða nemenda við skólann hefur haldist miðað við jafnaldra. Uppsafnaður framfarastuðull skólans fyrir íslensku og stærðfræði sýnir yfirleitt svipaðar framfarir og almennt gerist, hafa framfarir í stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar verið heldur minni en á landsvísu þar til 2012 og framfarir milli 4. og 7. bekkjar í íslensku heldur meiri en á landsvísu. Þátttaka nemenda á samræmdum prófum árið 2012 var verulega undir því sem almennt er á landsvísu.

Styrkleikar

- Skólanámskrá er skýrt fram sett.
- Unnið er með niðurstöður námsmats til að efla árangur nemenda.
- Stefna sveitarfélagsins birtist í skólanámskrá, námi og námsumhverfi nemenda.
- Nemendur 4. og 7. bekkjar standa sig líkt og landsmeðaltal á samræmdum prófum.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra þarf skólanámskrá og námsvísa.
- Foreldrar og nemendur þurfa að þekkja og nýta sér námsvísa og kennsluáætlanir.
- Bæta þarf og efla leiðir til að foreldrar og nemendur fái upplýsingar um markmið náms.
- Skoða ástæður lítillar þátttöku nemenda í 10. bekk á samræmdum prófum síðasta ár og leita leiða til auka þátttöku nemenda.

Skipulag náms og námsumhverfi

Áætlanir um nám og kennslu birtast í bekkjarnámskrám og kennsluáætlunum kennara en er ekki í skólanámskrá. Ágætur stígandi og gott samhengi er í námi nemenda eins og það er kynnt í námsvísium. Viðmið um námsmat og matskvarðar eru birtar í tengslum við sumar greinar og eru þá í námsvísium en ekki er gerð grein fyrir viðmiðum í skólanámskrá.

Samstarf skólastiga er gott og virkt og skráð ferli er í skólanámskrá.

Nemendur á unglíngastigi hafa val um viðfangsefni í valgreinum um 20% af námstíma sínum. Val um viðfangsefni sást lítið hjá nemendum yngra stígs, í einni kennslustund var einn nemandi að vinna við val sem tengdist áhugasviði, annars sást fyrst og fremst val um lestrarbækur. Sem dæmi um val um námsumhverfi hafa nemendur yngra stígs val um að nýta heyrnarhlífar til að einbeita sér betur við námið.

Skólastofur og skólahúsnæðið allt er bjart og vinalegt. Almennt styðja námsgögn og námsumhverfi vel við nám nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. Sem dæmi ná nefna að útikennslustofa er til staðar en fram kemur að nota mætti hana betur. Einnig eru tengsl ákveðinna árganga/kennara við Garðyrkjuskólann sem auka á fjölbreytni í námi. Notkun upplýsinga- og samskiptatækni í almennri kennslu er frekar lítil og ræðst að mati kennara og annarra sem um málið var rætt af skorti á uppfærslu tækjabúnaðar.

Almennt er hefðbundin bekkjarskipan og yfirleitt einn kennari með bekknum. Í níu af þeim 29 almennu kennslustundum sem metnar voru var stuðningsfulltrúi einnig í stofunni. Í sjö

kennslustundum voru einhverjir nemendur í sérúrræði, frá einum í fimm (þeir voru að vinna með námsefni framhaldsskóla). Nemendafjöldi hjá kennara í almennum tímum var mismikill, yfirleitt voru hóparnir með milli 11 og 20 nemendur hjá kennara.

| Fjöldi nemenda í almennri kennslustund | Fjöldi kennslustunda |
|--|----------------------|
| Undir 10 | 9 |
| 11 – 20 | 18 |
| 21-30 | 2 |

Regluleg nemendasamtöl fara fram þar sem rætt er um nám og líðan. Tilgangur og markmið heimanáms er nemendum og foreldrum ljós en í samtölum við foreldra var nefnt að það vanti upplýsingar um heimanám og foreldrar og eldri nemendur nefna að huga þurfi að dreifingu þess betur.

Styrkleikar

- Námsumhverfi býður upp á að vera nýtt á fjölbreyttan hátt.
- Samstarf er gott milli skólastiga.
- Nemendasamtöl eru regluleg.

Tækifæri til umbóta

- Nýta mætti betur umhverfi og útikennslustofu.
- Námsvísar þurfa að vera í skólanámskrá.
- Gera þarf grein fyrir námsmati og viðmiðum um það í skólanámskrá.
- Efla þarf möguleika nemenda á öllum stigum á vali í námi.
- Bæta þarf notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Vettvangsathuganir í kennslustofur sýndu að kennarar hafa almennt góða fagþekkingu á þeim námssviðum sem þeir kenna. Kennslustundir voru vel skipulagðar og tíminn vel nýttur. Endurgjöf kennara var leiðbeinandi og til þess fallin að leiða til framfara í námi. Morgunandakt er í fyrstu 20 mínútur á hverjum degi þar sem umsjónarkennari er með nemendum. Sú stund er af kennurum talin mikilvæg til að tengjast nemendum og ræða ýmis málafni.

Yfirleitt voru nemendur að vinna í sömu verkefnum í hópnum og verkefnin byggðu á námsmarkmiðum bekkjarins.

Í upphafi kennslustundar segja kennarar yfirleitt hvað eigi að fara fram í kennslustundinni. Misjafnt var hvort eða hvernig það var tengt við námsmarkmið bekkjarins eða hvort vísað var til markmiða í áætlunum.

Einstaklingsvinna nemenda var ríkjandi í þeim kennslustundum sem heimsóttar voru eða í nærri 3/4 kennslustundanna. Sú vinna var oft í formi vinnu við verkefnabók eða námsbók. Nemendur voru hvattir til að ræða saman um námið þótt um einstaklingsverkefni væri að ræða, sem dæmi eru fyrir mælin „spurðu tvo og komdu svo“. Samvinna nemenda var markvisst skipulögð sem hluti af námi í fjórum kennslustundum og einhver samvinna í námi fór fram í þremur að auki.

Samþætting verkefna sást ekki í heimsóknum í kennslustundir, en nemendur eldra stigs unnu að þemaverkefnum meðan á vettvangi stóð þar sem unnið var að heildstæðum og samþættum verkefnum.

Kennsluhættir voru frekar einhæfir, í 83% kennslustundanna var kennarinn í hlutverki fræðara³, oft með innlögn í upphafi stundar og verkefnavinnu í kjölfarið. Kennarinn gekk á milli og leiðbeindi þegar innlögn var lokið og aðrir fullorðnir (stuðningsfulltrúar) einnig þegar við átti. Kennslustundir sem kennsluathafnir einkennast af lausnaleyti og kennarinn var í hlutverki leiðbeinanda⁴ sem skapaði námsaðstæður þar sem nemendur leituðu lausna og voru virkir í fjölbreyttum verkefnum voru fimm.

Hrós var markvisst notað. Námsmat var ekki mikið sýnilegt í kennslustundunum, hvorki sjálfsmat nemenda né formleg endurgjöf sem tengdist markmiðum náms.

Styrkleikar

- Andakt á hverjum morgni með umsjónarkennara eflir tengsl milli kennara og nemenda.
- Nemendur eru hvattir til jafningjastuðnings.

Tækifæri til umbóta

- Kennarar nýti fjölbreyttari kennsluhætti
- Tengja nám og námsmat betur við markmið.
- Nýta betur aðferðir sem byggja á að nemendur leiti lausna í námi.
- Nota samvinnu og samstarf meira í námi.

Námshættir og námsvitund

Nemendur voru almennt áhugasamir um nám sitt og starf í skólanum og virkir í kennslustundum. Jákvæðni og góð samskipti einkenndu kennslustundir og gagnkvæm virðing kom fram hjá nemendum og kennurum.

Nám nemenda tekur að litlum hluta mið af áhugasviði þeirra því eins og fram hefur komið eru nemendur yfirleitt að vinna sömu verkefni á sama hátt og á sama tíma. Þó geta einhverjir nemendur valið að fara inn í námsver til náms þegar þeir vilja.

Samþætting og heildstæð verkefni geta aukið möguleika nemenda á að vinna verkefni eftir áhugasviði og með fjölbreyttum aðferðum.

Nemendur hafa að hluta val um viðfangsefni og aðferðir í námi en ekki sáust fjölbreyttar aðferðir í námi nemenda almennt. Í einstaka tímum sáust fjölbreyttar aðferðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi svo sem með upplýsingatækni þótt almennt væri talað um að lélegur tæknibúnaður væri til trafala í skólastarfinu.

Styrkleikar

- Nemendur eru áhugasamir um nám sitt og virkir í kennslustundum.
- Jákvæðni og gagnkvæm virðing er ríkjandi í kennslustundum.

³ Kennari er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Náms efni er í forgrunni. Sjá viðhengi.

⁴ Kennari stýrir framvindu eða skipuleggur rannsóknarmiðað nám, leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleyti sem reynir á rökhusun nemenda. Frumkvæði og ábyrgð getur verið hjá nemanda og nemandinn er í forgrunni. Sjá viðhengi.

Tækifæri til umbóta

- Huga betur að áhugasviði nemenda .
- Efla fjölbreyttar aðferðir við nám.
- Huga að tækjakosti skólans og nýta upplýsingatækni betur með nemendum til náms.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Mjög góður bragur er í skólanum, jákvæð samskipti og virðing ríkjandi í öllu starfi. Rýnihópur nemenda taldi að þar ríktu lýðræðisleg vinnubrögð og mjög auðvelt væri að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Boðleiðir eru stuttar og nemendur fara beint til stjórnenda þegar þeim finnst þurfa. Fram kom í viðtölum við nemendur að bekkjarfundir eru virkir, vikulega og þar tjá nemendur sig um málefni er snerta þá. Einnig eru umræður í morgunandaktinni. Í áætlun um innra mat og ýmsum matsskýrslum á heimasíðu kemur fram að markvisst er leitað sjónarmiða nemenda um skólastarfið almennt. Nemendur og reyndar foreldrar líka könnuðust þó ekki við að þeim væru kynntar niðurstöður kannana.

Fulltrúar nemenda í skólaráði eru fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku, en fá ekki sérstaka þjálfun, kennari sagði í upphafi hvert verkefnið væri. Kosið er innan bekkja í nemendaráð og úr nemendaráði koma skólaráðsfulltrúar. Skólaráðsfulltrúar koma upplýsingum til sinna bekkja. Nemendur í rýnihópnum þekktu ekki vel til verkefna nemendaráðs og vissu ekkert um skólaráð og starf þess. Ekki er sýnilegt verklag sem stuðlar að því að upplýsingar frá skólaráði og öðrum nefndum þar sem nemendur starfa berist til allra nemenda.

Styrkleikar

- Skólabragur og öll samskipti í skólanum eru mjög jákvæð og einkennast af virðingu.
- Bekkjarfundir eru virkir og notaðir til umræðna.
- Markvisst er leitað eftir sjónarmiðum nemenda varðandi skólastarfið.

Tækifæri til umbóta

- Kynna þarf foreldrum og öllum nemendum á markvissan hátt niðurstöður kannana og innra mats.
Sjá þarf til þess að upplýsingar um hlutverk ráða sem nemendur eiga fulltrúa í og störf ráðanna svo sem skólaráði berist til allra nemenda.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Þeim eru skólareglur vel kunnar og segja þeim beitt ef þarf. Nemendur hafa einhverja þjálfun fengið við að setja sér markmið en þeim eru ekki ljós tengsl námsmarkmiða og viðmiða. Markmið sem nemendur segjast setja sér eru að fá hærri einkunn milli ára. Eða að ljúka vinnu innan ákveðins tíma. Viðmið um árangur eru opinber en nemendur telja sig ekki þekkja þau. Markmið eru skráð af kennurum en í kennslustundunum voru þau ekki tengd kennslunni hverju sinni. Nemendur settu sér ekki beint eigin námsmarkmið sem tengjast inntaki náms, annað en um yfirferð eða almennt að bæta árangur.

Nemendur taka að einhverju marki þátt í að meta eigin árangur og félagar að sögn rýnihóps kennara. Almennt fór ekki sjálfsmat eða jafningjamat fram í þeim kennslustundum sem skoðaðar voru, en dæmi um sjálfsmatseyðublað sást.

Styrkleikar

- Samskipti í skólanum eru mjög góð og leggja nemendur sitt af mörkum til þess.

Tækifæri til umbóta

- Kennarar þurfa að tengja nám og kennslu við markmið nemenda.
- Nemendur þurfa að nýta námsmarkmið og fá markvissa þjálfun í að setja sér marmið.
- Auka má sjálfsmat nemenda og leiðbeina þeim við mat á eigin framförum.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Skólabragur og starf í Grunnskólanum í Hveragerði einkennist af virðingu fyrir öllum, viðhorfum sem einkenna skóla án aðgreiningar. Allir viðmælendur voru sammála um það og lögðu ríka áherslu á að það væri sterkur þáttur í starfi skólans. Séð er til þess að flestir nemendur fái tækifæri til að taka þátt í námi og starfi skólans.

Nemendur innan bekkja eru flestir að vinna sömu verkefni. Nám og námsaðstæður þeirra sem vinna annarskonar verkefni er aðgreint á ýmsa vegu. Nemendur eru í sérdeild með einstaklingsnámskrá og víkja námsmarkmið þeirra verulega frá bekkjarnámskrá. Í stuðningsdeild eru nemendur með aðlagaða bekkjarnámskrá þar sem bekkjarkennari lagar nám og kennslu að þörfum nemanda og loks eru nemendur sem fylgja bekkjarnámskrá en fá sérstakan stuðning til að nýta sér almennt nám bekkjarins. Einnig er starfsdeild þar sem eru nú tveir nemendur í starfsnámi hluta úr skólatíma og að auki sækja aðrir tveir nám í sérdeild Suðurlands sem staðsett er á Selfossi. Fram kom í samtali að fyrir kemur að nemendur vilja ekki vera í bekkjaraðstæðum og leita í sérkennslurými, þar sem færri nemendur eru. Allir nemendur tilheyra sínum bekk og stunda nám með bekkjarfélögum að einhverju marki. Í vettvangsathugun á námsaðstæðum og verkefnum nemenda í stuðningi eða sérkennslu kom fram að þeir voru mikið að fást við bóklegt námsefni bekkjarins eða fyrri ára og stuðningsaðili aðstoðar þegar þarf. Fyrirkomulag hjá nemendum á elsta stigi sem eru í stuðnings- eða sérkennslu er skipulag sem kallast námsmappa þar sem verkefni eru skilgreind og hver nemandi vinnur í 5-10 mínútna áföngum og fær endurgjöf frá kennara milli verkefna.

Styrkleikar

- Nemendur eru almennt fullgildir þátttakendur í öllu starfi skólans.
- Mikið er hugað að þörfum nemenda með sérþarfir og þeim mætt á fjölbreyttan hátt.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að kröfur um nám og kennslu í tengslum við sérkennslu séu ögrandi fyrir nemendur
- Setja markmið í námi nemenda með sérþarfir fram sem nemendamarkmið og gera þeim þau ljós (ég get...)
- Greina hvað veldur að nemendur leita út úr bekkjaraðstæðum í sérúrræði með það að markmiði að efla bekkjaraðstæður svo hægt sé að sinna öllum.

Stuðningur við nám

Almennt er staða nemenda metin tvisvar á ári. Mat á námi nemenda sem eru í sérkennslu er einnig tvisvar á ári, lagað að sérþörfum ef við á, og fylgst er með stöðu oftast hjá nemendum með lestrarerfiðleika. Til er skráð ferli um hvernig skimunum í íslensku og stærðfræði er háttað þar sem

fram kemur hvernig bregðast eigi við niðurstöðum mats hvað varðar íslensku. Fagmenntaðir kennarar bera að jafnaði ábyrgð á sérstökum stuðningi við nemendur.

Samráð er við foreldra um sérstakan stuðning í námi. Einstaklingsnámskrá er unnin af sérkennara en verið er að auka þátt umsjónarkennara í gerð hennar. Foreldrar fara yfir námsmarkmið þeirra nemenda sem eru með einstaklingsnámskrá en nemendur hafa enga aðkomu að gerð einstaklingsnámskrár. Námsmarkmið annarra nemenda eru almennt sett af kennurum og koma þar hvorki nemendur né foreldrar að.

Sérkennsla fer mikið fram í sérstökum sérkennslurýmum sem eru eitt fyrir hvert stig. Ekki sáust nemendur nýta tækni mikið til náms, svo sem hljóðbækur, eða annan búnað sem gerir nemendum með lestrarerfiðleika betur kleift að ná árangri í námi. Í viðtali kom fram að nemendur í sérkennslu eiga kost á að nota hljóðbækur og tölvur við nám. Þar kom einnig fram að nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá sem samþykkt er af foreldrum nota frekar aðrar og fjölbreyttari aðferðir við nám sitt.

Fram kom hjá nokkrum rýnihópum að huga þyrfti betur að því að bráðgerir eða nemendur sem eru snöggir við vinnu fengju krefjandi verkefni.

Styrkleikar

- Markvisst er fylgst með námi og kennslu allra nemenda.
- Skráð er yfirlit yfir skimanir tengt árgöngum og tímasetningu.

Tækifæri til umbóta

- Efla þátttöku nemenda við gerð einstaklingsáætlana og markmiðssetningar þannig að unnt sé að huga betur að áhuga nemenda.
- Mikilvægt er að nemendur sem þess þurfa fái tilsögn og þjálfun við notkun hjálpartækja í námi.
- Hugað verkefnum við hæfi allra, einnig bráðgerra nemenda.

Svið III – Innra mat

Innra mat nær yfir fjölmarga þætti í skólastarfi. Grunnskólinn í Hveragerði hefur stuðst við samsettar aðferðir við innra matið eða sjálfsmat skólans eins og það hefur verið kallað. Á heimasíðu skólans má finna niðurstöður ýmissa kannana allt frá árinu 2009 og m.a. skýrslu sjálfsmatsteymis fyrir árið 2011 – 2012 en þar koma fram niðurstöður ýmissa kannana sem gerðar voru það ár. Þá er einnig á heimasíðu sjálfsmatsáætlun til ársins 2015.

Skólaárið 2011-2012 fór af stað tilraunaverkefni skólastjórnenda, sem enn er í gangi, þar sem allt starfsfólk velur sér hóp sem vinnur að ákveðnu verkefni svo sem að ræða um lestrarstefnu, skimanir, skólanámskrá, Comenius og stærðfræðistefnu. Allir hóparnir skila skýrslu í lok árs sem líta má á sem hluta af innra mati skólans.

Rýnihópaviðtöl voru tekin í sambandi við þróunarverkefni um bætt foreldrastarf í Hveragerði sem þróaði heildstæða áætlun um samstarf foreldrafélags leikskólanna og Grunnskólans. Þar komu fram margar tillögur til eflingar og ábendingar um það sem vel er gert.

Sjálfsmatsteymi er starfandi en það samanstendur af tveimur kennurum og stjórnendum. Teymið sér meira og minna um framkvæmd innra mats, ákvörðun um matsþætti, vinnu við niðurstöður og síðan samræður um úrbætur.

Tvisvar sinnum hefur ráðuneytið gert úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans. Árið 2002 kom fram að fyrir lá starfsáætlun til fjögurra ára og sjálfsmatskerfi sem náði til allra þátta í mótun en framkvæmd stutt á veg komin. Þar kom fram að faglega var staðið að sjálfsmatinu og heildarniðurstaðan, bæði hvað varðar sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmatsins, fullnægjandi að hluta. Árið 2008 hafði hins vegar ekki farið fram kerfisbundið sjálfsmat en verkáætlun lá fyrir og unnið hafði verið að úrbótum í kjölfar einstakra þátta sjálfsmats. Niðurstaðan var þá; ófullnægjandi.

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Á heimasíðu skólans eru ýmsar upplýsingar um innra mat skólans en ekki greint frá í skólanámskrá hvernig matið fer fram þ.e. helstu leiðir og árangur þess og gæði. Langtímaáætlun um innra mat liggur fyrir til ársins 2015 og endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins verða metnir. Þar kemur einnig fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega. Mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfháttum er ekki hægt að mæla en í samtölum kom fram að slíkt væri alltaf til staðar.

Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram með einhverjum hætti t.d. með stuttum innlitum stjórnenda í kennslustundir og við lestur kennsluáætlana auk óformlegra samræðna. Hins vegar er slíkt mat hvorki reglulegt né skráð.

Styrkleikar

- Allir helstu þættir skólastarfs eru reglulega metnir.

- Á heimasíðu skólans eru ýmsar upplýsingar um innra mat skólans.
- Fyrir liggur langtímaáætlun um innra mat.

Tækifæri til umbóta

- Í skólanámskrá þarf að koma fram hvernig innra mat fer fram, þ.e. helstu leiðir og árangur þess og gæði.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.

Innra mat er markmiðsbundið

Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð. Markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst en ekki eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.

Styrkleikar

- Markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið.
- Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Tækifæri til umbóta

- Skilgreina þarf viðmið um árangur sem stefnt er að.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir sem hæfa viðfangsefninu hverju sinni: Spurningar úr Gæðagreini, með teymisvinnu (BFS), með rýnihópaviðtölum, með könnunum í tölvutæku formi fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn o.s.frv. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati s.s. samræmd próf, kannanir frá Rannsóknum og greiningu og ytra mati ráðuneytis á sjálfsmati til eflingar og stuðnings við innra mat.

Styrkleikar

- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við öflun gagna.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra matið.

Tækifæri til umbóta

- Skrá hvenær og hvernig gagnaöflun fer fram tengt hverjum matsþætti.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli og þeir geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats í gegnum fulltrúa í skólaráði. Starfsfólk getur haft áhrif á að ákveða áherslur þegar kynning fer fram á starfsmannafundum. Matsteymið er hins vegar eingöngu skipað kennurum og stjórnendum svo bein aðkoma annars starfsfólks, nemenda og foreldra er ekki fyrir hendi. Sama gildir þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir þá eiga sér ekki stað samræður meðal allra þessara aðila um þær.

Styrkleikar

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Allir hagsmunaaðilar geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats í gegnum fulltrúa í skólaráði.

Tækifæri til umbóta

- Allt starfsfólk, foreldrar og nemendur þurfa að vera virkir þátttakendur í samræðum um áherslur, forgangsröðun og framkvæmd innra mats og um þróun og umbætur í kjölfar matsins.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Á heimasíðu Grunnskólans í Hveragerði eru birtar greinargerðir um innra mat, þær eru skýrt fram settar og þar eru einnig niðurstöður ýmissa kannana liðinna ára. Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum, þ.e. á starfsmanna- og skólaráðsfundum. Í greinargerð um innra matið koma fram allar helstu upplýsingar en þó vantar þar viðmið vegna markmiða. Umbótaáætlun er ekki birt á heimasíðu.

Styrkleikar

- Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu.
- Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar.

Tækifæri til umbóta

- Umbótaáætlun skólans þarf að birta á heimasíðu.
- Viðmið um árangur þarf að vera skýrt fram sett.

Innra mat er umbótamiðað

Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti. Ef niðurstöður gefa til kynna að umbóta er þörf er brugðist við þeim þó þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir og allt starfsfólk, nemendur og foreldrar geta nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

Umbótaáætlun er ekki tímasett og hún skilgreinir ekki ábyrgðaraðila fyrir umbótum. Þá er ekki tilgreint í umbótaáætlun hvernig á að meta árangur aðgerða.

Styrkleikar

- Við greiningu niðurstaðna eru dregnir fram styrkleikar og tækifæri til umbóta.
- Allir hagsmunaaðilar geta nefnt dæmi um úrbætur í kjölfar innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Í umbótaáætlun þarf að tilgreina markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá viðmiðum sem sett eru.
- Umbótaáætlun þarf að vera tímasett með skilgreindum ábyrgðaraðilum og hvernig á að meta árangur aðgerða.

Svið IV – Lestur

Sveitarstjórn og stjórnendur Grunnskólans í Hveragerði óskuðu eftir mati á lestri sem fjórða þætti ytra matsins.

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta 2011. Læsi er víðtækt og felur ekki eingöngu í sér tæknilegan þátt það er að geta lesið og ritað. Meginmarkmið læsis er að nemendur verði virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Í aðalnámskrá grunnskóla 2013 greinanámskrá íslensku er nefnt að traust læsi felist meðal annars í hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og getað miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesanda. Þar er lögð áhersla á að texti sé fjölbreytilegur, að nemendur geti lesið af fjölbreyttum miðlum og með gagnrýnum huga.

Lesandinn þarf að ráða yfir ýmsum leiðum til skilnings og túlkunar. Þar er lögð áhersla á stigvaxandi sjálfstæði við val á lesefni tengt námi, þörf og áhuga. Námskráin ítrekar snemmtæka íhlutun og nefnir að leita þurfi allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa.

Í ljósi námskrár voru viðmið gerð um lestur og skoðaðar vísbendingar samhliða mati á öðrum þáttum ytra matsins. Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi viðmið eru unnin með skömmum fyrirvara þar sem ósk skóla og sveitarfélags um matsþátt liggur fyrst fyrir stuttu áður en matið hefst.

Vísbendinga var leitað um stefnumörkun, samvinnu heimila og skóla í lestri, hvernig nám er við hæfi hvers og eins, lesfimi og lesskilning, markmiðssetningu og námsmat og árangur. Gagna var aflað í rýnihópum, með vettvangsathugunum í kennslustundum, lesskilningspróf voru lögð fyrir alla bekkir utan þriðja bekk og þáttur lestrar í samræmdum prófum var athugaður.

Við matið á lestri var stuðst við eftirfarandi **viðmið um gæðastarf**:

Lögð er áhersla á læsi, lesskilning⁵ og lestur með það að markmiði að nemendur öðlist þá hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesanda. Nemendur öðlast reynslu af lestri fjölbreytts texta og lestri af fjölbreyttum miðlum. Þeir læra og geta beitt aðferðum við lestur og skilning og velja sér lesefni í tengslum við nám og áhuga.

Lestur og lestrarnám fer fram alla skólagönguna þar sem áhersla er á lestækni, lesfimi og lesskilning með það að markmiði að efla læsi almennt. Fylgst er markvisst með árangri skólans og nemenda og

⁵ Lesskilningur er færni í að skilja, nota, meta og tileinka sér ritað mál, vera virkur lesandi til að ná eigin markmiðum, þróa þekkingu og frama sinn frekar og taka virkan þátt í þjóðfélaginu. (Skilgreining PISA rannsóknna, Almar M. Halldórsson o.fl. 2010).

brugðist skjótt við erfiðleikum. Séð er til þess að nemendur sem eiga erfitt með lestur fái tækifæri til náms þar sem leitað er leiða framhjá vandanum.

Stefnumörkun

Lestrarstefna hefur nýlega verið unnin í Grunnskólanum í Hveragerði þar sem fram kemur hverjar eru helstu áherslur í kennslu hvers árgangs og hvert hlutverk heimils er. Einnig er getið um námsmat og skimanir. Þar er einnig fjallað um lestrarörðugleika og að gripið sé til viðbragða við þeim.

Staðan núna eins og hún birtist í vettvangsathugunum og viðtölum er að lestrarkennsla fer fram á yngri stigum en er ekki markviss á efri stigum skólagöngunnar. Í kennslustundunum sem metnar voru í vettvangsathugunum var lítið um lestrarkennslu. Þar var fyrst og fremst um lestrarþjálfun að ræða. Nemendur í 1., 2 og 3. bekk eiga að lesa fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa, oft tvisvar sama textann. Viðkomandi merkir við hvað lesið hefur verið og svo á nemandi að lesa áfram heima. Aðrir nemendur eru að vinna í vinnubókum tengdum lestri og ritun meðan samnemendur eru í þessari lestrarþjálfun. Yfirleitt eru allir að vinna við það sama, æfa sama bókstaf eða vinna í sömu verkefnabókum en eru með mismunandi erfiðar lestrarbækur. Í tilfelli þar sem nemandi var mjög fljótur með allt efni fékk hann meira og erfiðara en var samt að æfa sama bókstafinn og bekkurinn. Í einni kennslustund var lesturinn æfður með paralestri þar sem þör nemenda hlustuðu á hvort annað.

Áhersla á læsi sem tækni, skilning og túlkun sást fyrst og fremst í námi hjá eldri nemendum þar sem verið var að vinna með hugtök oft tengt námsgreinum. Meginþunginn hjá fyrstu bekkjunum virtist vera á að læra tæknina og það fyrst og fremst með því að þjálfast lestur. Ekki var mikið fjallað um skilning eða túlkun hjá yngri nemendum. Hætt er að leggja áherslu á lestur þegar nemendur hafa náð tækninni. Í viðtölum kom fram að mest áhersla á lestur sé á yngsta stigi, á miðstigi sé lögð áhersla á framsögn, mest í 7. bekk en á unglingsstigi er ekki bein lestrarkennsla heldur eru kenndar bókmenntir.

Niðurstöður samræmdra prófa eru nýttar á leiðbeinandi hátt til þróunar og eflingar kennslu.

Styrkleikar

- Til er skráð lestrarstefna sem nær til allra árganga skólans.
- Yngri nemendur þjálfast lestur bæði í skóla og heima og vel er haldið utan um þá þjálfum.
- Paralestur þar sem nemendur lesa fyrir hvert annað.

Tækifæri til umbóta

- Lestrarkennsla þarf að fara markvissar fram alla skólagönguna, kenna nemendum aðferðir sem tengjast ekki eingöngu því að umkóða, leggja áherslu á aðferðir til að skilja, túlka, flytja og að njóta.
- Leggja þarf áherslu á fjölbreytt hlutverk læsis á yngri stigum jafnt sem eldri.
- Skrá betur í lestrarstefnu hvaða viðbragða er hægt að grípa til við lestrarerfiðleikum.

Samvinna heimila og skóla

Samstarf er milli foreldra og kennara um heimanám í lestri. Þar sem gerðar eru einstaklingsnámskrár í lestri er þær í samvinnu við foreldra.

Foreldrum eru kynntar aðferðir við lestur á skólafærnisnámskeiðum sem haldin eru fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Foreldrar í rýnihópnum könnuðust ekki við að þeim hefðu verið kynntar aðferðir við lestrarnám en sögðu að það væri mikil áhersla á lestur í heimanámi. Að mati foreldra í rýnihóp er sú áhersla mikið á hraða.

Styrkleikar

- Foreldrar eru meðvitaðir um mikilvægi heimalestrar.
- Samstarf er við foreldra um heimalestur yngri nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að umfjöllun við foreldra um lestur og læsi og hvernig lestur er kenndur og þjálfaður sé haldið áfram alla skólagönguna.

Nám við hæfi hvers og eins

Nemendur almennt fá sömu kennslu og þjálfun en lesa mismunandi þungt efni. Nemendum gefst lítið tækifæri til að lesa af fjölbreyttum miðlum eða nýta aðra miðla en prentmiðla við lestur. Ekki er lögð sérstök áhersla á greiningu á lestri drengja eða eflingu lestrar hjá drengjum en nemendur velja lesefni eftir áhuga og skiptir því máli hvað keypt er inn á bókasafni. Viðfangsefni nemenda við lestur eru yfirleitt í samræmi við þroska en tenging við hæfileika eða áhuga sást lítið í yngri bekkjum. Í eldri bekkjum tengist lestur áhuga sérstaklega þegar unnið er að áhugaverkefnum í námsgreinum eða við val nemenda.

Staða nemenda er markvisst metin í lestri og lesskimunarpróf notuð til að kanna færni nemenda og framfarir. Hugað er að snemmtækri íhlutun og niðurstöður HLJÓM-2 hafðar til hliðsjónar við að meta þörf. Staða nemenda í lestri, lesskilningi og stafsetningu er metin jafnt og þétt með þar til gerðum athugunum og skráð er hvað gera þurfi í framhaldi ef vandi er til staðar. Samstarf er milli umsjónarkennara og sérkennara um fyrirlögn og greiningu þessara prófa/skimana.

Nemendur með lestrarerfiðleika nýta hljóðbækur að sögn kennara og nemenda og fá sérstaka kennslu. Hljóðbókanotkun sást ekki í vettvangsathugun og nemendur voru almennt ekki að vinna á tölvur í tímum svo sem að vinna vinnubækur í tölvunni. Nefndir voru vinir sem kæmu úr öðrum bekkjum til aðstoðar við nemendur með erfiðleika. Lestraráttak er árvisst hjá nemendum 9. bekkjar eftir GRP14h skimun. Engar sérstakar aðgerðir eru vegna nemenda með afburðahæfileika annað en að fá að velja sér lestrarefni við hæfi.

Styrkleikar

- Vel er staðið að mati á stöðu nemenda í lestri alla skólagönguna.
- Nemendur með erfiðleika fá stuðning og kennslu.

Tækifæri til umbóta

- Nýta þarf fjölbreyttari miðla til að þjálfa og kenna lestur og læsi.
- Huga að fjölbreyttum kennsluháttum í lestrarnámi og efla samvinnu nemenda.
- Skrásetja og gera sýnilegt hvernig margvísleg hjálpargögn geta nýst nemendum með lestrarerfiðleika.
- Huga að því að allir nemendur fái krefjandi viðfangsefni, gera ráð fyrir að á yngri stigum er mikil breidd í lestrarfærni og nemendur geta ekki verið að fást við nákvæmlega það sama á sama tíma í lestrarkennslunni.

Lesfimi og lesskilningur

Í lestrarstefnu kemur fram að nemendur eru markvisst þjálfðir í framsögn, upplestri og tjáningu. Sérstök áhersla er á aðferðir við lestur og lesskilning og er gagnvirkur lestur kenndur og þjálfaður á miðstigi. Nemendur greina orð og þjálfa skilning orða í aðstæðum tengdum námsgreinum og fram kom að kennarar aðrir en íslenskukennarar telji að lestur sé þeirra viðfangsefni.

Nemendur hafa aðgang að fjölbreyttu lesefni á bókasafni sem er opið í frímínútum og matarhléi. Þegar bókasafnið er opið nýta nemendur sér að setjast þar og lesa meðan beðið er eftir skólabíl.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á framsögn alla skólagönguna.
- Aðferðir gagnvirkis lestrar eru kenndar markvisst.
- Nemendur hafa aðgang að bókasafni og nýta það.

Tækifæri til umbóta

- Nýta þarf fjölbreyttari miðla til að þjálfa og kenna lestur og læsi.

Markmiðssetning og námsmat

Námsmat í lestri er reglulegt og skráð. Í lestrarstefnu kemur fram að metið er með raddlestrarprófum þar sem hraði er mældur. Þegar nemandi hefur náð ákveðinni einkunn á raddlestrarprófi er framsögn metin. Lesskilningspróf eru lögð fyrir nemendur í 3. - 8. bekk. Markmiðssetning í lestri tekur mið af niðurstöðum sem fengist hafa í skimunum. Hver kennari skipuleggur lestrarkennslu sína og kynnir fyrir foreldrum. Ekki sást í vettvangsathugunum að nemendur settu sér markmið í lestrarnáminu.

Styrkleikar

- Námsmat er reglulegt og vel er fylgst með árangri í hraða og lesskilningi.
- Í lestrarstefnu er getið um námsmat og þar koma fram viðmið um árangur.

Tækifæri til umbóta

- Námsmat í lestri gæti tekið til fjölbreyttari þátta læsis.
- Gera nemendum sýnilegt hvert er verið að stefna og hvað það er að ná árangri.

Árangur á samræmdum prófum og lesskilningsprófum

Árangur nemenda í lestri var athugaður með því að skoða lestur á samræmdum prófum síðastliðin sex ár. Lesskilningur var metinn með því að nemendur 1. og 2. bekkjar tóku LES I og II og nemendur 4. – 10. bekkjar tóku Leið til læsis (LtL) stöðupróf. Þessi próf eru í stöðlun hjá Námsmatsstofnun.

Árangur nemenda á samræmdum prófum í lestri síðastliðin sex ár

4. bekkur

- Nemendur 4. bekkjar sl. sex ár sýna árangur í lestri sem liggur í 42. – 57. hundraðsröð landsins.
- Árangur nemenda er í meðallagi (30) þegar skoðuð er normaldreifð einkunn sl. sex ára.
- Árangur þeirra nemenda (n:21) sem tekur prófið 2012 er góður, 57. hundraðsröð og normaldreifð einkunn 33.
- Athygli vekur að þátttaka á íslenskuprófinu 2012 er 80,8% en landið allt er með 90,8%. Hér munar 10% í þátttöku.
- Athygli vekur einnig að yfir 50% nemendanna taka samræmd próf með stuðningi bæði í íslensku og stærðfræði 2012.

7. bekkur

- Nemendur 7. bekkjar sl. sex ár sýna árangur í lestri sem liggur í 46. – 55. hundraðsröð landsins.
- Árangur nemenda er í meðallagi (30) þegar skoðuð er normaldreifð einkunn sl. sex ára.

- Árangur þeirra 30 nemenda sem tóku prófið 2012 er í meðaltali, 50. hundraðsröð og 30 normaldreifð einkunn.
- Þátttaka er 91.7% og landið er með 92,1% þannig að þátttaka er svipuð.
- Þeir sem taka prófið með stuðningi 2012 eru alveg á pari við landið eða 19,4% þar sem landið er 20,9%.

10. bekkur

- Nemendur 10. bekkjar sl. sex ár sýna árangur í lestri sem liggur í 40. – 61. hundraðsröð landsins.
- Árangur nemenda er rétt undir meðallagi (29) þegar skoðuð er normaldreifð einkunn sl. sex ára.
- Árangur þeirra 27 nemenda sem tóku prófið 2012 er góður, 61. hundraðsröð og 33 normaldreifð einkunn.
- Þátttaka er 67,5% sem er langt undir því sem almennt er þar sem landið er 90,2%.
- Stuðningur er 2,5% en er á landinu 19,4%.

Athygli vekur þessi litla þátttaka hjá 10. bekk og að sama skapi fáir sem eru með stuðning.

Til að skoða nánar forsögu þessara nemenda sem tóku 10. bekkjar samræmd próf 2012 var litið á árangur og þátttöku nemenda sem voru í 7. bekk skólans árið 2009.

- Árið 2009 tóku mun fleiri í 7. bekk eða 82,9% prófið í íslensku, sem er samt minni þátttaka en landið allt sem var 90.6%.
- Veikir voru 12.2% og undanþegnir voru 4.9% (sama hlutfall undanþágu og landið allt).
- Normaldreifð einkunn þeirra var 30,7.

Athygli vekur að 40% stúlkna í 7. bekk í Hveragerði 2009 (nú 10. bekkur) voru þá í flokki þeirra sem fá háa einkunn en aðeins 14% drengja.

Athugun á lesskilningi

1. Nemendur 1. bekkjar ná marktækt slakari árangri en samanburðarhópur við úrlausn LES I.
2. Nemendur 2. bekkjar standa sig álíka og samanburðarhópur við úrlausn LES II.
3. Þriðji bekkur var ekki prófaður.
4. Nemendur 4. bekkjar standa sig álíka og samanburðarhópur við úrlausn LtL.
5. Nemendur 5. bekkjar standa sig álíka og samanburðarhópur við úrlausn LtL.
6. Nemendur 6. bekkjar standa sig álíka og samanburðarhópur við úrlausn LtL.
7. Nemendur 7. bekkjar standa sig álíka og samanburðarhópur við úrlausn LtL.

Ekki er hægt að bera árangur nemenda 8. – 10. bekkjar saman við samanburðarhóp að svo stöddu þar sem stöðlun er skammt á veg komin. Niðurstöður sýna stigvaxandi færni en einnig er mikill munur á færni innan árganga.

8. Nemendur 8. bekkjar leysa LtL að jafnaði með 16.12 atriðum af 36 rétt. Geta hópsins liggur frá að svara 7 til 30 atriðum rétt.
9. Nemendur 9. bekkjar leysa LtL að jafnaði með 16.32 atriðum af 36 rétt. Geta hópsins liggur frá að svara 6 til 23 atriðum rétt.
10. Nemendur 10. bekkjar leysa LtL að jafnaði með 18.53 atriðum af 36 rétt. Geta hópsins liggur frá að svara 5 til 31 atriðum rétt.

Styrkleikar

- Árangur nemenda í 4. og 7. bekk er í meðallagi (30) þegar skoðuð er normaldreifð einkunn sl. sex ára.
- Nemendur 2. og 3.-7. bekkjar standa sig álíka og samanburðarhópur í athugun með þeim prófum sem lögð voru fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Huga að lestrarkennslu hjá 1. bekk.
- Skoða og greina hvað veldur lítilli þátttöku í samræmdum prófum hjá 4. og 10. bekk og leita leiða til að auka hana.
- Gefa lestri og lestrarkennslu drengja sérstakan gaum.
- Huga að styrkleikum þar sem við á og efla lestur þeirra sem standa sig vel jafnt og þeirra sem þurfa stuðning.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í skólanum fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru. Styrkur skólans felst ekki síst í afar jákvæðum skólabrag þar sem virðing og væntumþykja eru sérstaklega áberandi í samskiptum allra í skólanum. Morgunstund umsjónarkennara með nemendum sínum í byrjun hvers dags er öðrum skólum til eftirbreytni.

Styrkleikar í stjórnun

Styrkleikar í stjórnun felast meðal annars í því að stjórnendur stuðla að samhljómi allra aðila skólasamfélagsins og einkunnarorðin eru sýnileg í starfinu. Starfsáætlun og skólanámskrá eru unnar í samstarfi og aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum. Í þeim er að finna öll þau atriði sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir að séu til staðar. Gott samstarf er við foreldrafélag og skólaráð og virkt samstarf við ýmsa aðila í nærsamfélaginu. Aðgengi að stjórnendum og öðru starfsfólki er gott og foreldrum reglulega veittar upplýsingar um nám og líðan barna sinna.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Skrá þarf áætlun um móttöku fyrir nýja starfsmenn.
- Vinna þarf að gerð jafnréttisáætlunar.
- Endurskoða þarf skólareglur með tilliti til nýrrar reglugerðar.
- Skipa þarf nemendur til tveggja ára í skólaráð og æskilegt er að skólaráð setji sér vinnuáætlun til árs.
- Bein aðkoma foreldra og nemenda gæti verið meiri við vinnu að skólanámskrá t.d. þar sem fjallað er um skólareglur eða aðra þá þætti sem snúa beint að nemendum og foreldrum.
- Huga ber að meiri endurgjöf til kennara til dæmis með reglubundnum heimsóknum í kennslustundir.
- Efla þarf og samræma upplýsingaflæði í gegnum Mentor.

Styrkleikar í námi og kennslu

Styrkleikar varðandi nám og kennslu felast meðal annars í því að markvisst er fylgst með öllum nemendum og niðurstöður námsmats nýttar til eflingar starfinu. Þörfum nemenda með sérþarfir er mætt á fjölbreyttan hátt. Jákvæðni og gagnvirk virðing ríkir í kennslustundum og nemendur áhugasamir um nám sitt. Markvisst er leitað eftir sjónarmiðum nemenda t.d. á bekkjarfundum, í morgunandakt og í reglulegum nemendasamtölum.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Uppfæra þarf skólanámskrá og námsvísa og gera grein fyrir námsmati og viðmiðum um það í skólanámskrá.
- Efla þarf möguleika nemenda á vali í námi og tengja nám áhugasviði nemenda.
- Tengja þarf nám og kennslu og námsmat við markmið nemenda.

- Nemendur þurfa að nýta námsmarkmið og fá markvissa þjálfun í að setja sér markmið.
- Setja þarf fram vel skilgreind markmið með námi nemenda með sérþarfir og gera nemendum ljós þau markmið.
- Huga þarf að verkefnum við hæfi allra, einnig bráðgerra nemenda.
- Samræma þarf framsetningu námsvísa/bekkjarnámskráa milli árganga og framsetningu milli greina.
- Bæta þarf og efla leiðir til að foreldrar og nemendur fái upplýsingar um markmið náms og nýti námsvísa og kennsluáætlanir.
- Huga þarf að tækjakosti skólans og bæta notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.
- Efla fjölbreyttar aðferðir við nám og nota samvinnu og samstarf meira í námsaðstæðum nemenda. Auka sjálfsmat nemenda og leiðbeina þeim við mat á eigin framförum.
- Sjá þarf til þess að upplýsingar um hlutverk ráða sem nemendur eiga fulltrúa í og störf ráðanna svo sem skólaráði berist til allra nemenda.

Styrkleikar í innra mati

Í innra mati eru styrkleikar helstir að allir þættir skólastarfs eru metnir reglulega og langtímaáætlun liggur fyrir. Leitar er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila og fjölbreyttar aðferðir nýttar við öflun gagna. Í gegnum skólaráð geta allir hagsmunaaðilar haft áhrif á skipulag og framkvæmd matsins sem er formlega kynnt þegar niðurstöður liggja fyrir.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Í skólanámskrá þarf að koma fram hvernig innra mat fer fram, það er helstu leiðir til gagnaöflunar og hvaða viðmið eru um árangur.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.
- Allt starfsfólk, foreldrar og nemendur þurfa að vera virkir þátttakendur í samræðum um áherslur, forgangsroðun og framkvæmd innra mats og um þróun og umbætur í kjölfar matsins.
- Umbótaáætlun þarf að vera tímasett, með skilgreindum viðmiðum um árangur sem stefnt er að, tilgreindum ábyrgðaraðilum og hvernig á að meta árangur aðgerða.
- Umbótaáætlun skólans þarf að birta á heimasíðu.

Styrkleikar varðandi lestur

Helstu styrkleikar varðandi lestur felast í að til er lestrarstefna sem nær til allra árganga og þar er getið um námsmat og viðmið um árangur. Reglulega er lagt mat á stöðu nemenda og fylgst með árangri í hraða og lesskilningi. Þeir sem þess þurfa fá stuðning og sérstaka kennslu. Gagnvirkur lestur er kenndur markvisst og samstarf er milli heimila og skóla um lestrarþjálfun. Árangur nemenda í lestri á samræmdum prófum er í meðallagi þegar skoðuð er normaldreifð einkunn s.l. sex ára en í ár stóðu nemendur sig mjög vel þegar lestur var skoðaður sérstaklega.

Tækifæri til umbóta varðandi lestur

- Áhersla á fjölbreytt hlutverk lestrar og læsis þarf að vera alla skólagönguna, leggja áherslu á aðferðir til að skilja, túlka, flytja og njóta með fjölbreyttum miðlum.
- Námsmat í lestri þarf að taka til fjölbreyttari þátta læsis.
- Skrá betur í lestrarstefnu hvaða viðbragða er hægt að grípa til við lestrarerfiðleika.
- Nýta þarf fjölbreyttari miðla til að þjálfa og kenna lestur og læsi.

- Skrásetja og gera sýnilegt hvernig margvísleg hjálpargögn geta nýst nemendum með lestrarerfiðleika.
- Huga að því að allir nemendur fái krefjandi viðfangsefni, gera ráð fyrir að á yngri stigum er mikil breidd í lestrarfærni og nemendur geta ekki verið að fást við nákvæmlega það sama á sama tíma í lestrarkennslunni.
- Huga að lestrarkennslu hjá 1. bekk.
- Skoða og greina hvað veldur lítilli þátttöku í samræmdum prófum hjá 4. og 10. bekk og leita leiða til að auka hana.
- Gefa lestri og lestrarkennslu drengja sérstakan gaum.
- Huga að styrkleikum þar sem við á og efla lestur þeirra sem standa sig vel jafnt og þeirra sem þurfa stuðning.

Heimildir

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus Björnsson (2010). Íslenskir nemendur við lok grunnskólans. Helstu niðurstöður PISA 2009 rannsóknarinnar um lesskilning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði. Reykjavík: Námsmatstofnun.

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.* Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Hveragerðisbær. (2008). Skólastefna. Af:
<http://www.hveragerdi.is/content/files/public/PDF/Ymislegt/Skolastefna.pdf>

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Gögn um samræmd próf og PISA niðurstöður skóla, unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

Viðhengi/Fylgiskjöl

Foreldrabréf.

Frekari greining matspátta.

Matsblað kennslustundar .

Viðmið um gæði kennslustunda.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum.

Reykjavík, 27. maí 2013

Ágætu foreldrar og nemendur **Grunnskólans í Hveragerði**

Eins og ykkur er kunnugt um var starf við skólann metið nú á vorönn með ytra mati. Matið unnu matsmenn á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið er fyrst og fremst til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur matsins er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðsluyfirvöld, starfsfólk skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemendur. Matið er til að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla.

Til að sjá hvernig nám nemenda er og hversu vel skólinn stendur að því var aflað fjölbreyttra gagna. Stuðst var við ýmis gögn um skólastarfið, talað var við hópa nemenda, foreldra, kennara, annars starfsfólks, stjórnendur og skólaráð. Vettvangsathuganir voru í 29 kennslustundum og lögð voru fyrir lesskilningspróf í flestum árgöngum. Niðurstöður matsins eru settar fram í fjórum köflum sem fjalla um stjórnun, nám og kennslu, innra mat og lestur. Hér á eftir er stutt samantekt á niðurstöðum þar sem getið er um styrkleika og tækifæri til umbóta sem fram komu við matið.

Stjórnun.

Það er greinilegt að stjórnendur stuðla að samhljómi meðal allra um góðan og jákvæðan skólabrag. Gagnkvæm virðing og væntumþykja endurspeglast í starfi starfsfólks, nemenda og foreldra. Samstarf er gott við foreldra og nærumhverfi. Starfsmenn eru hvattir til að efla sig í starfi í samræmi við stefnu skólans. Skólanámskrá og starfsáætlun eru vel fram sett og öllum hagsmunaaðilum skólasterfins aðgengilegar. Boðleiðir eru stuttar og vel er tekið á vandamálum svo sem einelti.

Sem tækifæri til umbóta er lagt til að efla gott starf enn frekar með því að kennarar hafi möguleika á að fá endurgjöf á störf sín í kennslu með reglubundnum heimsóknnum stjórnenda eða annarra kennara. Einnig að foreldrar og nemendur taki meiri þátt í gerð skólanámskrár þar sem við á. Fram kom að efla má og samræma upplýsingaflæði í gegnum Mentor.

Nám og kennsla

Nemendur voru almennt áhugasamir um nám sitt og starf í skólanum og virkir í kennslustundum. Jákvæðni og góð samskipti einkenndu kennslustundir og gagnkvæm virðing kom fram hjá nemendum og kennurum. Kennarar hafa almennt góða fagþekkingu á þeim námssviðum sem þeir kenna. Kennslustundir voru vel skipulagðar og tíminn vel nýttur. Vel er fylgst með námi og árangri nemenda og hugað að þörfum nemenda með sérþarfir.

Nemendur hafa möguleika á að koma skoðunum sínum á framfæri og telja að við skólann ríki lýðræðisleg vinnubrögð. Morgunandakt er til fyrirmyndar þar sem umsjónarkennari er með nemendum fyrstu 20 mínútur á hverjum degi. Bekkjarfundir eru vikulega og regluleg nemendasamtöl fara fram þar sem rætt er um nám og líðan.

Skólafundur og skólahúsnæðið allt er bjart og vinalagt. Almenn styðja námsgögn og námsumhverfi vel við nám nemenda og fjölbreytta kennsluhætti.

Sem tækifæri til umbóta er nefnt að efla þurfi notkun upplýsingatækni í skólafundi almennt. Lagt er til að kennarar hugi að fjölbreyttum kennsluháttum og að skapa námsaðstæður sem stuðla að samvinnu nemenda, auki val og taki mið af áhuga þeirra. Við endurskoðun skólanámskrár er lagt til að markmið og viðmið um námsmat verði gerð sýnileg og nemendum og foreldrum kynnt vel. Einnig þarf að huga að því að bráðgerir nemendur sem og allir nemendur hafi krefjandi verkefni við hæfi.

Innra mat

Innra mat er reglulegt, fjölbreytt og allir helstu þættir skólafundar eru metnir. Leitað er sjónarmiða allra hagsmunaaðila og allir hagsmunaaðilar hafa áhrif á skipulag matsins. Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar og upplýsingar um innra mat eru á heimasíðu. Áætlun er til um innra mat til ársins 2015.

Nokkur tækifæri eru til umbóta innra mats. Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara. Umbótaáætlun þarf að vera tímasett, með skilgreindum viðmiðum og hana þarf að birta á heimasíðu.

Lestur

Lestrarstefna er skráð sem nær til allra árganga skólans. Þar er getið um námsmat og þar koma fram viðmið um árangur. Reglulega er fylgst með árangri, svo sem hraða í lestri og lesskilningi. Gott samstarf er milli heimila og skóla um lestrarþjálfun. Nemendur fá þjálfun í framsögn og leiðum til að skilja texta. Nemendur hafa aðgang að bókasafni. Árangur nemenda við skólann er í flestum bekkjum álíka og jafnaldr þeirra á landinu. Þeir nemendur sem tóku samræmd próf í ár stóðu sig mjög vel þegar lestur var skoðaður sérstaklega.

Tækifæri til umbóta í lestri er að huga að fjölbreyttum kennsluháttum og efla samvinnu nemenda. Einnig þarf að nýta upplýsingatækni meira í námi, nemendur þurfa að verða læsir á fjölbreytta miðla. Gagnlegt er að skrá hvaða gögn og aðferðir nýtast nemendum með lestrarerfiðleika þannig að það sé kennurum, nemendum og foreldrum sýnilegt.

Lokaorð

Grunnskólinn í Hveragerði er skóli þar sem ríkir gagnkvæm virðing og vinátta, skóli sem starfar eftir einkunnarorðum sínum: **viska - virðing - vinátta**.

Í framhaldi þessa mats verður matsskýrsla send skólanum og sveitarstjórn þar sem fram koma nánari niðurstöður ytra matsins. Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu ráðuneytis og Námsmatsstofnunar. Skóli og sveitarstjórn setja í framhaldi matsins fram áætlun um þær umbætur sem lagðar eru til og ráðuneyti fylgist síðan með að þeim sé framfylgt.

Með bestu kveðju,

Hanna Hjartardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir
Námsmatsstofnun

Frekari greining fyrir Grunnskólann í Hveragerði

Greining matsþátta

Tafla 1 sýnir niðurstöður Grunnskólans í Hveragerði á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati á grunnskólum vorið 2013.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:


- D → 1,0 – 1,5 = **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** - meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

| Stjórnun | | | Nám og kennsla | | | Innra mat | |
|----------------------------|--------------------------------|---|--------------------------------|--------------------------|----------------------------|---|----------------------------------|
| Fagleg forysta | Stefnu-mótun og skipulag | Samskipti heimila og skóla | Nám og náms-aðstæður | Þáttt. og ábyrgð nemenda | Náms-aðlögun | Framkvæmd innra mats | Umbótastarf í kjölfar innra mats |
| Stjórn-andinn sem leiðtogi | Starfs-áætlun og skóla-námskrá | Skólaráð, foreldrafélag | Inntak og árangur | Lýðræðisleg vinnubrögð | Nám við hæfi allra nemenda | Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi | Opinbert |
| Stjórnun stofnunar | Skóladagur nemenda | Þáttt. for. í skólast. og upplýsinga-miðlun | Skipulag náms og náms-umhverfi | Ábyrgð og þátttaka | Stuðningur við nám | Markmiðs-bundið | Umbóta-miðað |
| Faglegt samstarf | Verklags-reglur og áætlanir | | Kennslu-hættir og gæði kennslu | | | Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum | |
| Skóla-þróun | | | Námshættir og námsvitund | | | Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr. | |

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta Grunnskólans í Hveragerði

Gæði kennslustunda

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir mat á gæðum kennslustunda í skólanum⁶.



Mynd 1. Mat á gæðum kennslustunda

Kennsluhættir

Notkun upplýsingatækni


Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í 4 kennslustundum af 29. Kennarar nýttu Ut til kennslu í 6 af þessum stundum.

Kennsluathafnir⁷

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir kennsluathafnir.

⁶ Sjá: Viðmið um gæði kennslustunda


⁷ Sjá :Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum



Mynd 2. Kennsluathafnir

Samvinna og einstaklingsvinna

Mynd 3 sýnir yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda.



Mynd 3. Samvinna og einstaklingsvinna nemenda.

Matsblað kennslustundar

Vettvangsathugun í kennslustund

| | |
|------------|---------------------|
| Bekkur: | Dags./vikud.: |
| Námsgrein: | Kl.(upphaf og lok): |
| Kennari: | Fjöldi nemenda: |

| | |
|---|---|
| Skipulag í skólastofunni/ kennsluaðstæður: | Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda. |
| Framvinda kennslustundarinnar: | Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur. |
| Markmið, mat og endurgjöf: | Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur. |
| Samkipti og samstarf: | Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað. |

| |
|--|
| |
|--|

| | |
|---|---|
| Kennsluáðferðir og vinnutilhögun: | Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. |
| | |
| Námsaðlögun: | Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Námið tekur m.d. af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl. |
| | |
| Grunnþættir menntunar: | Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni? |
| | |
| Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta. | |
| | |

Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

Frábær / mjög góð

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Viðunandi

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
 - Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
 - Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
 - Bekkjarstjórnun er ábótavant.
 - Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
 - Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjá flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemandur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks, alls ekki tæmandi listi. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

Flokkun kennsluathafna

Fræðari

Kennarinn er fyrst og fremst í að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni.

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðrétta heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla - samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsefni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikennsla, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bóklegr eða verkleg
- Horft á kvikmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar
-

Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. Eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda meðskipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er drifjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleit
- Námsefni lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaval eða þegar nemendur hanna og skapa frá grunni
- Útikennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur
-

Þvert á flokkana að framan koma svo þessir þræðir

Sjálfstætt nám - einstaklingsvinna

Kennarinn skipuleggur námsathafnir sem ætlað er að efla frumkvæði, sjálfstraust og sjálfsmat nemandans. Námið er skipulagt annað hvort af kennara eða nemanda en er undir umsjón og leiðsögn kennara. Vinna nemenda sem einkennist dæmigerðri vinnubókavinnu er einnig flokkuð sem einstaklingsvinna.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna
- Einstaklingsverkefni sem tengjast áhugasviði
- Ígrunda og meta eigi nám (sjálfsmat)
- Vinna í vinnubók eða sambærileg verkefni

Gagnvirkt nám/samvinna – hópvinna

Kennarinn skapar námsumhverfi sem byggir á samræðum og hlutdeild nemenda. Paravinna, hópvinna eða annars konar samvinna í kennslustundum. Áhersla á samskipti, samvinnu og félagslega færni. Nemendur vinna í margskonar hópum. Kennarinn hefur mikilvægt hlutverk við hópamyndun og skipulag námsathafna nemenda í hópum.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, hópverkefni
- Þemaverkefni, unnin í hópum
- Umræður hópa og kynning niðurstaðna
- Námsleikir og spil
- Leikræn tjáning, söngur eða hreyfing
- Samvinnunám

